

5

VESTFJARÐAVEGUR (60):

um Dynjandisheiði og

BÍLDUDALSVEGUR (63)

frá Bíldudalsflugvelli að

Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði

í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

MATSSKÝRSLA

VIÐAUKI 19 – FYLGISKJÖL 18-38

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu



Vegagerðin

mars 2020

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og
Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að
Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði
í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ

Mat á umhverfisáhrifum
Matsskýrsla


Viðauki 19 – Fylgiskjöl 18-38
Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu



FYLGISKJÖL

18. Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 24. janúar 2020.
19. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 24. janúar 2020.
20. Umsögn Samgöngustofu dags. 9. janúar 2020.
21. Umsögn Skógræktarinnar dags. 23. janúar 2020.
22. Umsögn Breiðafjarðarnefndar dags. 27. janúar 2020.
23. Umsögn Landgræðslunnar dags. 27. janúar 2020.
24. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. janúar 2020.
25. Umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 6. febrúar 2020.
26. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 11. febrúar 2020.
27. Umsögn Ísafjarðarbæjar dags 11. febrúar 2020.
28. Umsögn Vesturbyggðar dags. 20.02.2020.
29. Umsögn Fiskistofu dags. 27.02.2020.
30. Athugasemd Orkubús Vestfjarða dags. 8. janúar 2020.
31. Athugasemd Sólva Sólbergssonar dags. 08. janúar 2020.
32. Athugasemd Þorbergs Steinn Leifssonar dags. 07. febrúar 2020.
33. Athugasemd Þorbjörns Péturssonar dags. 10. febrúar 2020.
34. Athugasemd Ásdísar Kolbeins og Þórarins K. Ólafsson dags. 17. febrúar 2020.
35. Athugasemd Sigmundar Fríðar Þórðarsonar, Gunnars Gísla Sigurðssonar og Agnesar Arnardóttur dags. 17. febrúar 2020.
36. Athugasemd Pennu ehf dags. 16. febrúar 2020.
37. Athugasemd Guðmundar R. Björgvinssonar dags. 12. febrúar 2020.
38. Minnisblað frá kynningarfundum um frummatsskýrslu í Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð.

Skipulagsstofnun
b/t Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Reykjavík 21. janúar 2020
UST202001-025/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. desember 2019 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Í framkvæmdinni felst annars vegar að lagður verður nýr Vestfjarðavegur á 33 – 40 km kafla frá Hörgsnesi í Vatnsfirði að Mjólkárviðrun í Borgarfirði og hins vegar lagning nýs Bíldudalsvegur á 29 km kafla frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi í Helluskarði á Dynjandisheiði. Efnispörf er talin vera 3,2 – 3,7 milljón m³ háð leiðarvali.

Framkvæmdinni er skipt í þrjú áfanga. Áfangi I er Vestfjarðavegur frá Hörgsnesi í Vatnsfirði að Tröllahálsi í Penningsdal. Í þessum áfanga er fjallað um tvær megin leiðir, annars vegar þverun Vatnsfjarðar þar sem fjallað er um þrjár veglínur F, F2 og F3 og hins vegar þrjár veglínur um botn Vatnsfjarðar, A1, A2 og A3 auk veglínu A4 sem er tilbrigði við veglínu A1. Áfangi II er Vestfjarðavegur frá Tröllahálsi að Mjólkárviðrun. Þar er fjallað um fjórar veglínur F, B2, D og E. Áfangi III er Bíldudalsvegur, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi. Þar er fjallað um þrjár veglínur X, Y og Z.

Umhverfisstofnun mun gefa umsögn um hvern áfanga fyrir sig auk niðurstöðu um heildaráhrif framkvæmdarinnar. Einng verða skilgreind helstu svæði sem stofnunin telur að þurfi að fjalla sérstaklega um og eru þau svæði: Vatnsfjörður, Dynjandisvogur, vegur í botni Reykjafjarðar, í Fossafirði og í Trostansfirði. Þar sem vegirnir munu á löngum köflum fylgja núverandi vegum verður fjallað með almennum hætti nema þar sem ástæða þykir til.

Efnistaka

Umhverfisstofnun telur jákvætt að ekki verði gerðar frekari rannsóknir á jarðefnun fyrr en fyrir liggur endalegt val veglína og hönnun og þar með nákvæmari upplýsingar um endanlega efnispörf. Þetta ætti að mati stofnunarinnar að leiða til þess að unnt verði að gera nákvæmari áætlanir um efnistöku og frágang. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að samfara frekari rannsóknnum ætti að nýta sérfræðipækkingu innan Vegagerðarinnar til að hanna námur og skeringar þannig að þessi svæði falli sem best að nánasta umhverfi og auðveldi endurheimt gróðurs þar sem þess verður þörf.

Votlendi og birkiskógar

Til að draga úr neikvæðum áhrifum þegar vegir eru lagðir um vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ætti að forðast eins og kostur er að rjúfa samfelldar gróðurheildir eða vistkerfi. Vegi ætti að leggja í jaðar

slíkra svæða ef mögulegt er þannig að þau séu ekki bútuð niður í smærri einingar. Sérstaklega ætti að gæta þess, þar sem vegur liggur um eða við hallamýri, að skerða ekki vatnsrennsli um mýrina til að draga úr þurrkáhreifum framkvæmdarinnar. Þegar um birkiskóg eða kjarr er að ræða er æskilegast að leggja vegi um jaðar slíkra svæða því ætla má að unnt verði með tímanum að endurheimta gróður á röskuðum svæðum, sérstaklega ef búið er í haginn fyrir landnám trjágróðurs t.d. með dreifingu svarðlags eða flutningi gróðurs í nægjanlega þykkum torfum af röskunarsvæði og til baka að framkvæmdum loknum, en helst eins fljótt og unnt er til að tryggja betur lifun gróðursins.

Áfangi I. Þessi hluti Vestfjarðavegar er alfarið innan friðlands í Vatnsfirði sem friðlýst var með auglýsingu nr. 96/1975.

Um friðlandið gilda m.a. eftirfarandi reglur:

- Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.
- Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Áherslur Vegagerðarinnar varðandi lagningu Vestfjarðavegar í Vatnsfirði snúast að miklu leyti um að koma vegi með 90 km hámarkshraða framhjá Hótel Flókalundi án þess að til komi takmörkun á hámarkshraða eða skerðing á mannvirkjum hótelsins. Til að svo megi verða er aðalvalkostur Vegerðarinnar þverun Vatnsfjarðar með fyllingu og brú og nýr vegur sunnan Pennu að Tröllahálsi ofarlega í Penningsdal.

Samanburður leiða í áfanga I.

Í greinargerð segir að við val á veglínu togist á umferðaröryggi við Flókalund annars vegar og náttúruvernd sbr. auglýsingu um friðlandið hins vegar.

Veglína A4. Umhverfisstofnun óskaði eftir umfjöllun um leið sem fylgdi línu A1, sem er núverandi vegur, frá stöð 3800 en tæki ekki tillit til hótels Flókalundar. Sú leið er talin uppfylla kröfur um umferðaröryggi en hafa neikvæð áhrif á hótelið þar sem byggingar þess þyrftu að víkja og aukið rask yrði á gróðri og bergmyndunum. Ekki er fjallað um veglínu A4 að öðru leyti í greinargerðinni.

Veglínur F, F2 og F3: Leið F þverar Vatnsfjörð neðan Uppsala og liggur um óraskað land sunnan Pennu upp eftir Penningsdal. Ráðgert er að taka efni í fyllinguna úr skeringu í Penningsdal. Veglína F2 þverar fjörðinn en fylgir núverandi vegi norðan Pennu í Penningsdal. Veglína F3 þverar fjörðinn og felur einnig í sér tilfærslu vegstæðis sunnan Pennu upp Penningsdal en að auki verði vegtenging færð út fyrir ósa Pennu.

Veglínur A1, A2 og A3: Veglína A1 fylgir núverandi vegi fyrir Vatnsfjörð og upp Penningsdal og felur í sér endurbyggingu á núverandi vegi og aðrar aðgerðir við Hótel Flókalund. Veglína A2 fylgir núverandi vegi fyrir fjörð en vegamót Barðastrandarvegur eru færð út á grunnsævi líkt og í veglínu F3 og þaðan um óraskað land sunnan Pennu. Veglína A3 liggur fyrir fjörðinn og upp Penningsdal sunnan ár, án tilfærslu vegamóta á grunnsævi.

Vegagerðin telur að veglínur F, F2 og F3 hafi jákvæð áhrif á ferðamennsku og landnotkun og muni stuðla að meiri friðsæld innan þverunarinnar. Vegagerðin telur að veglína A3 komi ekki til greina sem valkostur vegna skorts á umferðaröryggi.

Umhverfisstofnun telur að veglína F muni breyta landslagi í Vatnsfirði á varanlegan og óafturkræfan hátt og er það bæði vegna mannvirkjagerðar á áður öröskuðum svæðum í firðinum og sunnan Pennu og mikillar efnistöku úr skeringu í Penningsdal auk þess sem

nýr sneiðingur ofan núverandi vegar mun sömuleiðis hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur hið sama gilda um veglínur F3 og A2 því auk ofangreindra áhrifa munu þessa veglínur raska ósum Pennu og valda óafturkræfum umhverfisáhrifum. Vegamótin yrðu mjög áberandi í landinu og gerð veltenginga á grunnsævi og í fjörum verður að teljast óheppileg staðsetning að flestu leyti með tilliti til náttúrufars og landslags.

Að mati stofnunarinnar hefur leið F2 sömu landslagsáhrif og leið F um Vatnsfjörð, en áhrif í Penningsdal verða minni því ráðgert er að leiðin fylgi núverandi vegi upp dalinn Það sama gildir um veglínu A3 nema með öfugum formerkjum, þ.e. áhrif eru ásættanleg á leiðinni fyrir fjörðinn en mikil röskun á áður óröskuðu svæði sunnan Pennu.

Tengingar Vestfjarðavegar og Barðastrandarvegar.

Umhverfisstofnun telur að veltenging frá veglínu A1 ofan ósa pennu, þó farið sé neðan núverandi vegar sbr. umfjöllun um umferðaröryggi vegna blindhæðar, feli í sér minni umhverfisáhrif en veltengingar í og við ósa Pennu og sé frekar í samræmi við markmið friðlýsingar.

Vatnalög

Umhverfisstofnun vill benda á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2022 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum. Til að hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot þarf að meta hvort framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á líffræðilega gæðapætti.

Auk umfjöllunar um áhrif á líffræðilega gæðapætti þarf að meta áhrif á vatnsformfræðilega þætti s.s. vatnsmagn vatnshlotsins, breytingar á rennsli, ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.

Niðurstaða Áfangi I.

Eins og fram kemur í greinargerð gerir Vegagerðin ráð fyrir að lengri tíma mun taka að komast að samkomulagi um þennan áfanga framkvæmdarinnar og verði það gert í samráði við aðra hagsmunaaðila og leyfisveitendur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samþætta hagsmuni náttúruverndar og ferðaþjónustu í friðlandinu í Vatnsfirði og eins og fyrr segir telur Umhverfisstofnun að þveranir Vatnsfjarðar og ný veglagning sunnan Pennu samræmist ekki þeim reglum sem um friðlandið gilda og ákvæðum laga um náttúruvernd. Þverunin yrði sýnileg víða að og röskun á heildarásýnd landslagsins mikil auk þess sem óröskuðu landsvæði sunnan árnar Pennu yrði spillt á óafturkræfan hátt.

Umhverfisstofnun telur að veglagning skv. leið A1 feli í sér minnst rask innan friðlandsins en í því felst að núverandi vegur verði endurbýggður og öryggis í friðlandinu og við Flókalund gætt með því að draga enn frekar úr umfangi framkvæmdarinnar með lægri hönnunarhraða og lækkun umferðarhraða. Samhliða yrði ráðist í aðrar þær aðgerðir við hótelið sem nauðsynlegar þykja til að tryggja öryggi vegfarenda og hótelfesta.

Umhverfisstofnun fær ekki séð að það samræmist skilmálum friðlýsingarinnar að veita leyfi fyrir veglínun þeim sem þvera fjörðinn og/eða raska áður óröskuðu landi sunnan Pennu, nánar tiltekið veglínur F, F2, F3, A2 og A3.

Áfangi II

Dynjandisheiði, þ.e. svæðið ofan Penningsdals að friðlýsta svæðinu við Dynjanda, einkennist almennt af ýmist gróðurlausu eða mosavöxnu háfjalli, þó er fjölbreyttara gróðurfar við læki og tjarnir þar sem einnig er að finna votlendisbletti. Línan liggur að mestu leyti á svipuðum stað og núverandi vegur. Á heiðinni sjálfri er talið að lífríki í tjörnum sé fábreytt sem og fuglalíf. Engar jarðmyndanir sem njóta verndar eru á heiðinni. Frá áfangaskilum við Tröllaháls að vegamótum í Helluskarði er einungis fjallað um einn valkost í greinargerð, þ.e. línu F. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þennan hluta leiðarinnar þar sem leitast er við að skerða Þverdalsvatn og votlendi við vatnið sem minnst.

Samanburður leiða í áfanga II

Frá Helluskarði er fjallað um þrjár veglínur: E, F og B2. E er um 5.5 km löng leið og þar af 2,7 km löng jarðgöng frá Norðdalsá að Neðri – Vatnahvilft. Gert er ráð fyrir að allt efni úr göngunum verði nýtt til vegagerðar. Umhverfisstofnun telur minnst umhverfisáhrif verði ef ráðist verður í þennan hluta framkvæmdarinnar, þar sem hún mun leiða til minni efnistöku úr námum, færri skeringa og takmarkaðra áhrifa á landslag.

Leiðir F og B2 fylgja í grófum dráttum núverandi vegi frá st. 12000 að st. 16000. Þaðan er leið F ein að st. 29100 ofan Dynjandisvogar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þessa hluta leiðarinnar. Núverandi vegur liggur nú nærri Hærriöxl sem er á náttúruminjasrá og innan þeirra 100 m fjarlægðar sem talin er æskileg að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Veglína F mun á þessum stað liggja um 250 m frá svæðinu sem er jákvætt að mati Umhverfisstofnunar

Á umræddu svæði mun veglína liggja í jaðri votlendissvæða nema við Afréttarvatn þar sem skert verður votlendi austan vatnsins.

Dynjandi og nágrenni var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981. Friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu nr. 348/1986. Um svæðið gilda m.a. eftirfarandi reglur:

- Ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu.
- Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.
- Stefnt skal að verndun kjarlendis á hinu friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif áfanga II gætu orðið í Dynjandisdal og Dynjandisvogi. Annars vegar vegna áhrifa á birki og hins vegar vegna neikvæðra áhrifa á landslag sem fælust í miklum skeringum og fyllingum ef vegur verður lagður skv. veglínu F. Að mati Umhverfisstofnunar hefði sú veglagning varanleg og verulega neikvæð áhrif á landslag innan hina friðlýsta svæðis.

Veglína D vîkur frá veglínu F nærri st. 29000 og sameinast veglínu F nærri st. 31000.

Veglína D, nánast núverandi vegur liggur um kjarrendi á rúmlega 1. km löngum kafla. Ljóst er að við uppbyggingu núverandi vegar á leið D mun birkikjarri verða raskað, en verndun kjarrendis er ein af áherslum í reglum um friðlýsta svæðið, þannig að hér vegast á verndarhagsmunir annars vegar landslags og ásýndar og hins vegar gróðurfars.

Við mat á veglínu D og F telur Umhverfisstofnun að fyrst og fremst eigi að líta til varanleika og umfangs neikvæðra áhrifa. Veglína F mun liggja um áður óraskað svæði og verða mjög áberandi í landi. Veglína D liggur um þegar raskað svæði og einnig eru þar meiri möguleikar við endurheimt gróðurs á svæðum sem raskað verður s.s. í skeringum. Líta ber til þess að birkigróður á Vestfjörðum hefur undanfarna áratugi verið í mikilli framför sbr umfjöllun í greinargerð, bæði vegna minnkandi álags vegna sauðfjárbæjar og breytinga í veðurfari. Því má ætla að unnt verði að endurheimta og auðvelda landnám birkis, jafnvel í vegfláum eins og Vegagerðin hefur kynnt sem möguleika við lagningu Vestfjarðavegar í Þorskafirði.

Umhverfisstofnun telur því að veglína D falli betur að verndarhagsmunum svæðisins þar sem miklar skeringar og fyllingar skv. línu F ofan Búðavíkur muni valda umtalsverðum og varanlegum breytingum á landslag og ásýnd svæðisins.

Veglína F um Meðalnes: Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum bent á að skoðað verði hvort á þessari leið sé unnt að leggja veginn á mörkum fjalls og fjöru þar sem hægt er í stað þess að leggja veginn í fjöruna eins og gert er á nokkrum stöðum.

Þetta þýðir ekki að Umhverfisstofnun telji að leggja eigi vegi í miðjum hlíðum eins og fram kemur í greinargerð á bls. 78 - 81. Til að skýra málið enn frekar er bent á mynd 6. 6. 23. Þar sem sjá má veg sem að mati Umhverfisstofnunar liggur á mörkum fjalls og fjöru.

Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að leggja fram ákveðnar hugmyndir um aðgerðir til að afmá aflagða vegi sérstaklega þar sem einugis standa eftir stuttir kaflar án sýnilegs tilgangs. Þetta ætti að vera sérstaklega auðvelt á Dynjandisheiði þar sem vegurinn er víða afar ófullkomið og efnislítið mannvirki. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að kanna hvort ekki megi draga aflagða vegi betur saman og draga úr sýnileika þótt þeir verði áfram nýttir sem akomuleið að öðrum mannvirkjum s.s. á Meðalnesi.

Niðurstaða áfangi II

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við leið F að öðru leyti en því að stofnunin telur að veglína E (jarðgöng) sé góður kostur vegna minni umhverfisáhrifa m.a. vegna efnistöku. Varðandi vegagerð innan friðlýsts svæðis við Dynjanda telur Umhverfisstofnun að leið D sé betri kostur en leið F þar sem leið F ofan Búðavíkur mun fela í sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna varanlegra breytinga á landslagi og ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun fær ekki séð að það samræmist skilmálum friðlýsingar Dynjanda að veita leyfi fyrir veglínu F innan hins friðlýsta svæðis.

Áfangi III

Veglína X fylgir í grófum dráttum núverandi vegi frá Bíldudalsflugvelli að Helluskarði en frávik eru lína Y í Reykjafirði og lína Z í Trostansfirði. Um Þernudalsá í Fossfirði færast vegurinn utar en núverandi vegur. Sama gildir um veglínu X um Fossá en á þeim stað liggur vegurinn utan við sjávarfítjar og neðan við birkikjarr í austanverðum firðinum, hvort tveggja er jákvætt að mati Umhverfisstofnunar.

Í Reykjarfirði liggur veglína X um botn fjarðarins miklu mun utar en núverandi vegur. Á þessum stað er einnig veglína Y sem liggur nánast við land og mun að mati

Umhverfisstofnunar hafa mun minni áhrif á landslag en veglína X. Galli við veglínu Y er að hún mun raska mun meira votlendi en lína X. Skoða ætti hvort unnt sé að draga úr neikvæðum áhrifum veglínunnar með því að færa hana nær jaðri votlendis, þ.e. nær veglínu X milli st. 17200 og 18000.

Í sunnanverðum Trostansfirði liggur núverandi Bíldudalsvegur um birkikjarr, misþétt, frá st. 26500 að st. 28500. Á þessu svæði er fjallað um tvær veglínur, X og Z. Báðar línurnar víkja frá núverandi vegi nærri st. 24000 og liggja um botn fjarðarins. Báða veglínur liggja um birkikjarr frá st. 26000 en lína Z liggur á um 1 km löngum kafla ofar og sunnar en núverandi vegur og á því svæði liggur veglínun um nokkuð þéttan birkiskóg. Að mati Umhverfisstofnunar er leið X betri á því svæði þar sem hún liggur nærri núverandi vegi og raskar mun minna af birkiskógi en lína Z. Umhverfisstofnun telur hins vegar að veglína Z sé betri um botn Trostansfjarðar en veglína X þar sem Z liggur ofar í landi en fer ekki um eiði við ós Sunnudalsár eða um ós árinna eins og veglína X. Að mati Umhverfisstofnunar væri besta veglínun á þessu svæði veglína Z að st. 26000 og þaðan veglína X.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við veglínu X frá Trostansfirði að Helluskarði.

Niðurstaða áfangi III

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við veglínu X á Bíldudalsvegi að öðru leyti en því að í Reykjarfirði ætti að velja veglínu Y vegna minni áhrifa á landslag heldur en um botn fjarðarins þar sem hægt er að velja jafn góða veglínu á landi eða því sem næst.

Í Trostansfirði telur Umhverfisstofnun að veglínur X og Z hafi báðar kosti og galla en að mati stofnunarinnar er besta veglínun á þessum stað blanda þessara tveggja veglína, þ.e. veglína Z um fjarðarbotninn en veglína X um birkiskóg sem næst núverandi vegi. Þar sem veglína Z gæti haft verulega neikvæð áhrif á birkiskóg vegna legu um óraskað svæði sunnan núverandi vegar.

Niðurstaða

Í grófum dráttum munu Vestfjarða- og Bíldudalsvegur liggja um núverandi vegstæði eða nærri núverandi vegum. Almennu telur Umhverfisstofnun þar sem svo háttar til að unnt sé að leggja vegi án verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa.

Hins vegar telur stofnunin að lagning Vestfjarðavegar um Vatnsfjörð og vestanverðan Penningsdal gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér vegna varanlegra og óafturkræfra áhrifa á landslag og gróðurfar innan friðlands í Vatnsfirði. Innan friðlandsins telur Umhverfisstofnun að til að lágmarka umhverfisáhrif vegna vegagerðar ætti að leggja Vestfjarðaveg skv. veglínu A1 og grípa til nauðsynlegra öryggisáðgerða þar sem vegurinn liggur næst Hótel Flókalundi. Umhverfisstofnun fær ekki séð að það samræmist skilmálum friðlýsingarinnar að veita leyfi fyrir veglínunum þeim sem þvera Vatnsfjörð og/eða raska áður óröskuðu landi sunnan Pennu, nánar tiltekið veglínunum F, F2, F3, A2 og A3.

Innan friðlýsts svæðis við Dynjanda telur Umhverfisstofnun veglínu D betri kost en veglínu F vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa sem felast í varanlegum og óafturkræfum breytingum á landslagi vegna mikilla skeringa og fyllinga ofan Búðavíkur sem veglagning skv. veglínu F hefði í för með sér. Umhverfisstofnun fær ekki séð að það samræmist skilmálum friðlýsingar Dynjanda að veita leyfi fyrir veglínu F innan hins friðlýsta svæðis.

Hvað varðar Bíldudalsveg telur Umhverfisstofnun að í Reykjarfirði verði mun minni umhverfisáhrif ef veglína Y verður valin vegna neikvæðra áhrifa á landslag sem þverun fjarðarbotnsins gæti haft í för með sér.

Í Trostansfirði telur Umhverfisstofnun að velja ætti línu sem væri á fyrri hluta leiðarinnar skv. veglínu Z en fylgdi annar veglínu X með núverandi vegi þannig að rask vegna framkvæmda kæmi í framhaldi af röskuðum svæðum sem þegar eru við núverandi veg. Ef veglínu Z væri fylgt sunnan núverandi vegar er líklegt að sú framkvæmd myndi hafa verulega neikvæð áhrif á birkiskóg og kljúfa skóginn að nýju.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Edda Kr. Eiríksdóttir
Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, Hevf.is

Bolungarvík 24. janúar 2020

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn um frummatsskýrslu um vegagerð á Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði og á Bıldudalsvegi, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd við framkomna frummatsskýrslu. Gerð er grein fyrir í skýrslu þeim þáttum sem háð er starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Með kveðju


Hlynur Reynisson
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2020
Tilv.:1912958 / HZ


Efni: Skipulagsmál - umsagnir - vegagerð á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi

Með bréfi dagsettu þann 27. desember 2019 var óskað umsagnar Samgöngustofu um mat á umhverfisáhrifum framangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

Halldór Ó. Zoëga



Skipulagsstofnun
bt. sviðs umhverfismats
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri 23. janúar 2020

Efni: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ. Umsögn Skógræktarinnar.

Með bréfi dagsettu 27. desember 2019 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Skógræktarinnar um frummatsskýrslu vegna ofangreindrar framkvæmdar. Skógræktin sendi inn umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar þann 23. júní 2018.

Í eftirfarandi umsögn Skógræktarinnar er eingöngu fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á náttúrulegan birkiskóg og birkikjarr og leitast við að svara þeim spurningum sem sérstaklega var óskað svara við.

Gerir frummatsskýrslan nægjanlega grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim?

Að mati Skógræktarinnar gerir frummatsskýrslan nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar á birkiskóga og birkikjarr á framkvæmdasvæðinu.

Samkvæmt Náttúrustofu Vestfjarða, og samráði Náttúrustofunnar við Skógræktina, eru engir birkiskógar eða kjarr á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem falla undir verndarákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Það er vert að taka fram að Skógræktin fyrirhugar að skilgreina náttúrulega birkiskóga og birkikjarr landsins m.t.t. verndargildis þeirra, en þeirri vinnu er ólokið.

Er þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, er þörf á mótvægisáðgerðum og hvernig skal vakta þær aðgerðir?

Þegar ákvörðun um leiðarval liggur fyrir þarf að mæla birkiskóg og birkikjarr sem raskast við framkvæmdina. Einnig þarf að semja um mótvægisáðgerðir til að bæta fyrir eyðingu skógarins sbr. 19. gr laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, „Komi til varanlegrar eyðingar skógar skal framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið af eyðingu skógarins, með hliðsjón af markmiðum laga þessara, svo sem með endurheimt náttúruskógar eða ræktun nýrra skóga, og skal framkvæmdaraðili leita álits Skógræktarinnar á útfærslu mótvægisáðgerða. Mótvægisáðgerðir skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu.“

Samkvæmt frummatsskýrslunni er gert ráð fyrir að græða upp röskuð svæði að nýju í samráði við Skógræktina, og er miðað við 5,5 m frá miðlínu vegar. Skógræktin hefur eftirlit með endurnýjun skógarins.

Hvaða leyfisveitingum er framkvæmdin háð?

Samkvæmt 18 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er felling skóga eða hluta þeirra óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar.

Samkvæmt 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild óheimil. Sé varanleg eyðing skógar óhjákvæmileg skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd í samræmi við ákvæði lag um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leitar um það efni umsagnar Skógræktarinnar.

Samkvæmt 19 gr. sömu laga, skal sveitarfélag leita álits Skógræktarinnar á framkvæmd sem felur í sér varanlega eyðingu skógar áður en ákvörðun er tekin um útgáfu framkvæmdaleyfi.

Ef um er að ræða röskun birkiskóga sem falla undir 61. gr. skal einnig leita umsagnar Skógræktarinnar.

Annað

Á bls. 268 í kaflanum um birkigróður, stendur í lok fyrstu málsgreinar að „Skógur er yfirleitt skilgreindur þegar tré eru komin yfir 2 m að hæð“.

Í lögum um skógrækt nr. 33/2019 kemur fram skilgreining á ýmsum hugtökum og þar segir um skóga og kjarr:

Kjarr: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær 0,5–2 m hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju.

Skógur: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar,

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi

hrefna@skogur.is

Gamla Gróðrarstöðin,

Krókeyri 600, Akureyri

sími 470-2012 gsm. 865-5908



Skipulagsstofnun
Bt. Egils Þórarinssonar, sviðsstjóra sviðs umhverfismats
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Stykkishólmi, 27. janúar 2020

Efni: Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar við frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar (60) í Vesturbyggð.

Tilgangur laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar er að „stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja“ (1. gr.). Breiðafjarðarnefnd er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna (4. gr.).

Í umsögn þessari er eingöngu tekið til þeirra atriða sem tengjast verndarsvæði Breiðafjarðar, sem nær til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í stærstum hluta fjarðarins, þar með talið í Vatnsfirði (2. gr.). Umsögnin á því aðeins við um hluta af áfanga I í framkvæmdinni.

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um Vestfjarðaveg (60) leggur stofnunin til þverun Vatnsfjarðar (grunnvegjalína F). Breiðafjarðarnefnd leggst eindregið gegn þeirri hugmynd af eftirfarandi ástæðum:

- a) Vatnsfjörður er friðlýst svæði (<https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vestfirdir/vatnsfjordur-vesturbyggd/>) vegna náttúrufegurðar, gróðurfars, dýralífs, jarðfræði, menningarminja og útivistarmöguleika.
- b) Eyjar og fjörur Vatnsfjarðar eru verndaðar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- c) Í 61. gr. laga um náttúruvernd eru leirur taldar upp sem vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Forðast beri að raska þess háttar vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.
- d) Breiðafjarðarnefnd bendir á að Ísland hefur fullgilt evrópska landslagssamninginn en honum er meðal annars ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags og að mikilvægi landslags í umhverfi landsins sé viðurkennt. Þverun Vatnsfjarðar hefði veruleg neikvæð áhrif á landslag svæðisins en vegfylling og brú yrðu mjög áberandi á öllu svæðinu. Þverunin hefði til að mynda mjög alvarleg neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna í hinni vinsælu Hellulaug, sem sæju grjótfyllingu í stað þess að hafa útsýni langt út á Breiðafjörð.
- e) Þverun Vatnsfjarðar hefði neikvæð áhrif á lífríki í innanverðum Vatnsfirði og myndi skerða búsvæði þörungum og dýra, þar á meðal fugla. Þverunin bryti því í bága við verndarmarkmið 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Að flatarmáli yrði skerðingin ekki stórkostleg en safnast þegar saman kemur, því nú þegar hafa



fjölmarginir firðir verið þveraðir í eða nærri fjarðarbotnum á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem búsvæði hafa verið skert, gjarnan leirur með seti ríku af lífrænum efnum og lifandi dýrum eða líffjölbreyttar klettafjörur. Þetta gerir fjörur við Vatnsfjörð enn dýrmætari en áður.

- f) Ekki hefur verið rannsakað hvaða áhrif þverunar, með fylgjandi breytingum á straumum og setflutningum, hefði á lífríki fjarðarins.
- g) Með þverun er líklegt að Helluhólmi yrði aðgengilegur fyrir refi á stórstraumsfjöru, sem mögulega hefði neikvæð áhrif á fuglalíf þar. Ekki er að sjá að fuglalíf hólmans eða möguleg áhrif refs á það hafi verið metin í frummatsskýrslunni eða gögnum sem henni fylgja.
- h) Ernir njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994).

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar eru ekki færð sannfærandi rök fyrir nauðsyn þverunar umfram uppbyggingar vegs í eða við núverandi vegstæði. Vissulega fæli þverun í sér lítils háttar styttingu en ekki er hægt að réttlæta þá röskun sem það hefði í för með sér fyrir þetta mikilvæga náttúru- og útivistarsvæði, umfram það að fylgja leið A1 eða A3.

Í ljósi framangreinds leggst Breiðafjarðarnefnd eindregið gegn hugmyndum um þverun Vatnsfjarðar og leggur til að fylgt verði annarri af leiðunum A1 og A3, enda hafi þær minnst neikvæð umhverfisáhrif en tryggi samt góðar samgöngur fyrir íbúa svæðisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Breiðafjarðarnefndar,

Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 27. janúar 2020

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði(60) og Bíldudalsvegar(63).

Landgræðslunni barst til umsagnar frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegar. Landgræðslan hefur kynnt sér frummatsskýrsluna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Landgræðslan telur að skýrslan lýsi með fullnægjandi hætti þeim þáttum sem snúa að gróðri og jarðvegi og nauðsynlegar upplýsingar varðandi þann þátt framkvæmdarinnar til staðar. Þá eru umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vel skilgreind. Varðandi gróður og jarðveg eru fyrst og fremst umhverfisáhrif þar sem víkja á út fyrir núverandi veglínu. Landgræðslan leggur áherslu á að við val á veglínum verði þær leiðir sem fela í sér minnst rask á jarðvegi og gróðri fyrir valinu.

Eins og fram kemur skv. 13. gr. laga nr. 155/2018 um landgræðslu þá skal við leyfisskyldar framkvæmdir sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask á jarðvegi og gróðri og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski.

Við mótvægisáðgerðir og ákvörðun á umfangi þeirra er mikilvægt að hafa í huga að langan tíma getur tekið að endurheimta virkni vistkerfanna og í raun ekki hægt að fullyrða að það takist, sérstaklega þar sem jarðvegur tapast. Í þessu ljósi leggur Landgræðslan til að endurheimt verði vistkerfi sem nema þrefaldri stærð þeirra sem sannarlega tapast við framkvæmdina. Þá er mjög brýnt að á framkvæmdatíma verði allra leiða leitað til þess að draga úr raski og stærð raskaðra vistkerfa þannig sem minnst.

Landgræðslan fagnar mjög þeirri umfjöllun sem er í skýrslunni um endurheimt staðargróðurs s.s. með staðbundnu birki. Þá er umfjöllun um nýtingu svarðlags og jarðvegs sem til fellur við framkvæmdina við frágang og mótvægisáðgerðir mjög jákvæð.

Landgræðsla ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við frummatsskýrsluna og er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er varða jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis og annarra vistkerfa og sjálfbæra nýtingu lands, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar

Gústav Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. janúar 2020
MÍ202001-0091/ 6.07 / K.M.

Efni: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63).

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 27. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Vegagerðin áformar að leggja nýjan 33 – 40 km langan kafla Vestfjarðarvegar (60) um Dynjandisheiði sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði langleiðina að Mjólkárvegi í Borgarfirði. Einnig á að gera nýjan veg á 29 km löngum kafla Bíldudalsvegar (63) sem nær frá Bíldudalsflugvelli á Hvassnesi að Vestfjarðarvegi í Helluskarði á Dynjandisheiði. Samtals eru núverandi vegir sem fyrirhugað er að endurnýja 69 km að lengd. Áætlað er að nýir vegir verði lagðir nálægt núverandi vegum þar sem það er hægt. Lítið virðist þó hægt að nýta núverandi vegstæði.

Í frummatsskýrslu er framkvæmdinni skipt í þrjá áfanga:

Áfangi I, Vestfjarðarvegur, Hörgsnes – Tröllháls, veglínur A1, A2, A3, F, F2 og F3.

Áfangi II, Vestfjarðarvegur, Tröllháls – Mjólkárvegi, veglínur F, B2, D og E.

Áfangi III, Bíldudalsvegur, Bíldudalsflugvöllur – Vestfjarðarvegur, veglínur X, Y og Z.

Í frummatsskýrslu er lögð fram grunnveglína Vestfjarðarvegar (60) milli Hörgsness sunnan Vatnsfjarðar og Mjólkár í Borgarfirði, veglína F. Auk hennar eru lagðar fram átta veglínur sem víkja frá veglínu F, á köflum þar sem Vegagerðin telur tilefni til að skoða aðra möguleika á legu vegarins. Þær eru veglína F2, veglína F3, veglína A1, veglína A2, veglína A3, veglína B2, veglína D og veglína E. Vegagerðin leggur fram

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

grunnveglinu Bíldudalsvegur (63) milli Bíldudalsflugvallar og Vestfjarðarvegur sem kallast veglína X. Auk hennar eru lagðar fram tvær veglínur sem víkja frá veglinu X á köflum þar sem Vegagerðin telur tilefni til að skoða aðra möguleika á legu vegarins. Þær eru veglína Y og veglína Z.

Í frummatsskýrslu kemur fram að rannsóknarsvæði vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda á Vestfjarðavegi og Bíldudalsvegi um Dynjandisheiði hafi verið skilgreint þannig að það nær yfir mögulegt framkvæmdasvæði vegagerðar, jarðgangagerðar og efnistöku og er jafnaði um 300 m breitt.

Í frummatsskýrslu er fjallað um hvern ofangreindra áfanga fyrir sig og lagt mat á áhrif veglína áfangans á tiltekna umhverfisþætti. Sami háttur verður hafður á í þessari umsögn.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.5 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram var fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fengin til að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar og efnistöku. Fyrir liggur skýrsla Náttúrustofunnar: *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63). Með viðbótum vegna breytinga á veglinum.* Skráðar voru 60 minjar á áhrifasvæði veganna.

Áfangi I.

Veglína A1. Veglínan fylgir núverandi vegi fyrir Vatnsfjörð, við Flókalund og inn Penningsdal að norðanverðu að núverandi brú á Pennu.

Skráðar fornleifar í nágrenni veglínunnar tilheyra flestar býlinu Hellu sem m.a. er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Um er að ræða bæjarrústirnar (1833-50) sjálfar og leifar mannvirkjar sem tengjast búsetu á jörðinni, túngarð (1833-49), rúst/útihús (1833-51), rúst/útihús (1833-52), rúst/fjárhús (1833-53), matjurtargarði (1833-54) og tröð (1833-55).

Veglína A1 liggur sunnan við minjasvæði Hellu. Minjarnar sem næstar eru veglínunni eru tröð (1833-55), sem er einungis í 3 m fjarlægð frá skeringu vegarins, og túngarður (1833-49) sem liggur meðfram veginum í um 10 m fjarlægð frá fyllingum hans. Kýrlág (1833-59) er skráð sunnan við túngarðinn, í veglínunni. Engin merki um fornleifar fundust á svæðinu og einungis virðist um örnefni að ræða. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi neðan við rústaheildina, milli fyrirhugaðs vegar og túngarðsins og traðarinnar. Þannig ætti að vera tryggt að fornleifum á og í nágrenni bæjarhóls Hellu verði ekki raskað á af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Hellulaug (1833-57). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að laugin sé rétt sunnan við núverandi þjóðveg í SSV frá Hellu. Laugin var heit volgra sem tilheyrði Hellu en var síðan gerð að lítilli laug. Fyrir nokkrum árum var laugin endurbætt og í dag er ekki hægt að greina upphaflegu lagina. Laugin er rúma 30 m frá skeringu veglínu A1 og mun ekki stafa hætta af framkvæmdum við veginn.

Kollagata (1833-58). Kollagata var gamall reiðvegur sem lá um Penningsdal og Þverdal til Geirþjófsfjarðar. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að gamli vegurinn sé horfinn undir núverandi veg um Dynjandisheiði en þó sé hægt að greina hluta vegarins nærri Geirþjófsfirði. Skráning vegarins er fullnægjandi mótvægisáðgerða að mati Minjastofnunar.

Gata (1833-56). Þjóðleið lá framhjá Hellu. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða segir að hægt sé að greina tvær leiðir nærri Hellu. Önnur leiðin sé ógreinilegri og ofar og liggja gegnum kjarr. Þessi leið sé greinanleg frá miðju túni. Hin leiðin hafi legið aðeins utan túngarðs og sé greinilegri í kjarrinu. Tengivegur veglínu A1 að Hótel Flókalundi mun raska hluta þessarar leiðar. Minjastofnun Íslands telur skráning leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð en minnir á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012).

Veglína A4. Í frummatsskýrslu segir að veglína A4 sé afbrigði af veglínu A1 og fari yfir Flókalund. Ekki er fjallað frekar um þessa veglínu í frummatsskýrslu né fornleifaskráningarskýrslu. Veglínan er sýnd á teikningu 11-3b í teikningahefti. Veglínan hefur sömu áhrif á fornleifar og veglína A1 nema að frá henni liggur ekki tengivegur að Hótel Flókalundi og því ætti að vera hægt að komast hjá raski á götunni (1833-56). Sjá annars umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna veglínu A1 hér að ofan.

Veglína A2. Veglínan fylgir núverandi vegi fyrir Vatnsfjörð en liggur út í sjó við Flókalund. Barðastrandavegur er í beinu framhaldi af Vestfjarðavegi sem liggur um T-vegamót upp Penningsdal að sunnanverðu.

Taka þarf tillit til sömu fornleifa á þessari veglínu og veglínu A1. Veglína A2 liggur þó upp Penningsdal að sunnanverðu og ekki í legu núverandi vegar eins og veglína A1. Veglína A2 hefur því ekki áhrif á Kolagötu (1833-58). Veglína A2 liggur fjær fornleifunum á bæjarstæði Hellu og þar í kring en veglína A1. Eins og fram kemur í töflu 6.5.2 í frummatsskýrslu eru fornleifarnar í 27 til 70 m fjarlægð frá miðlínu A2. Minjastofnun Íslands telur að með því að setja upp girðingu eða línu meðfram minjasvæðinu ofan við núverandi veg, að norðanverðu, megi koma í veg fyrir að fornleifunum verði raskað á meðan á framkvæmdum við veglínu A2 stendur.

Veglína A2 mun ekki hafa áhrif á gömlu þjóðleiðina (1833-56) né Hellulaug (1833-57).

Veglína A3. Veglínan fylgir núverandi vegi fyrir Vatnsfjörð og við Flókalund. Barðastrandavegur er í beinu framhaldi af Vestfjarðaveggi sem liggur um T-vegamót upp Penningsdal að sunnanverðu.

Taka þarf tillit til sömu fornleifa á þessari veglínu og veglínu A1. Veglína A3 liggur þó upp Penningsdal að sunnanverðu og ekki í legu núverandi vegar eins og veglína A1. Veglína A3 hefur því ekki áhrif á Kolagötu (1833-58).

Veglína A3 liggur sunnan við minjasvæði Hellu. Minjarnar sem næstar eru veglínunni er túngarður (1833-49) sem liggur meðfram veginum í aðeins 5 m fjarlægð frá fyllingum hans. Kýrlág (1833-59) er skráð sunnan við túngarðinn, í veglínunni. Engin merki um fornleifar fundust á svæðinu og einungis virðist um örnefni að ræða. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi neðan við rústaheildina, milli fyrirhugaðs vegar og túngarðsins (1833-49). Þannig ætti að vera tryggt að fornleifum á og í nágrenni bæjarhóls Hellu verði ekki raskað á af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Tröð (1833-55). Í töflu 6.5.3 í frummatsskýrslu kemur fram að tröðin sé í veglínu A3. Í töflu 1 í fornleifaskráningarskýrslu segir að tröðin sé í 15 m fjarlægð frá veglínunni. Ef ekki verður komist hjá því að raska tröðinni telur Minjastofnun Íslands skráningu hennar fullnægjandi mótvægisáðgerð en minnir á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Tengivegur veglínu A3 að Hótel Flókalundi er sunnar en tengivegur frá veglínu A1. Tengivegur veglínu A3 mun ekki raska gömlu þjóðleiðinni (1833-56) eins og tengivegur frá veglínu A1 gerir.

Veglína A3 hefur ekki áhrif á Hellulaug (1833-57).

Veglína F2. Veglínan þverar Vatnsfjörð, fylgir núverandi vegi við Flókalund og liggur inn Penningsdal að norðanverðu.

Veglínan liggur ekki nálægt fornleifum sem skráða voru í landi Hellu. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að fornleifarnar á jörðinni séu allar utan áhrifasvæðis veglínunnar nema túngarður (1833-49) en hann er sagður í 22 m fjarlægð frá tengivegi veglínu F2. Í umfjöllun í kafla 6.5.1.1 í frummatsskýrslu kemur fram að allar fornleifar sem skráðar voru í tengslum við áfanga I séu utan áhrifasvæðis veglínu F2. Í töflu 6.5.4 í frummatsskýrslu eru fornleifar sem tilheyra bænum Hellu, bæjarhóllinn o.fl., sagðar vera í 11 til 53 m fjarlægða frá veglínu tengingar veglínu F2 að núverandi Vestfjarðarvegi. Á teikningu 9 -3 í teikningahefti er svo að sjá sem tengivegurinn liggur því sem næst á sama stað og núverandi vegur. Því ætti að vera hægt að komast hjá raski fornleifa á svæðinu á

meðan á framkvæmdum við tengivegin stendur með sama hætti og fjallað var um varðandi veglínu A1. Þ.e.a.s. með því að girða neðan við rústaheildina, milli tengivegarins annars vegar og götunnar (1833-56), túngarðsins (1833-49) og traðanna (1833-55) hins vegar.

Veglína F2 fer yfir Kollagötu (1833-58) líkt og núverandi vegur. Skráning vegarins er fullnægjandi mótvægisáðgerða að mati Minjastofnunar.

Veglína F3. Veglínan þverar Vatnsfjörð. Barðastrandavegur er í beinu framhaldi af Vestfjarðaveggi sem liggur um T-vegamót upp Penningsdal að sunnanverðu. Engar fornleifar voru skráðar við veglínu F3.

Áfangi II.

Engar fornleifar fundust á Dynjandisheiði, enda liggur hún hátt. Fornleifar voru skráðar á jörðunum Dynjanda og Borg.

Veglína F. Veglína F þverar Vatnsfjörð og liggur um Dynjandisheiði. Veglínan er því í raun bæði innan áfanga I og II. Veglínan hefur ekki áhrif á fornleifar innan áfanga I.

Eftirtaldir fornleifar voru skráðar í og í nágrenni veglínunnar: vör/lending (1833-01), naust (1833-2), þjóðleið (1833-3), rétt (1833-4), fjárhús (1833-5), fjárhús (1833-6), garðlag (1833-7), býli (1833-8), sel (1833-9), býli? (1833-10), heimild um kolagerð (1833-11), heimild um samkomustað (1833-12) og varða (1833-48).

Þrjár þessara fornleifa, sel (1833-9), býli? (1833-10) og heimild um kolagerð (1833-11) eru í meira en 100 metra fjarlægð frá veglínu F eins og fram kemur í fornleifaskráningarskýrslu. Þeim ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdunum.

Vör/lending (1833-01), rétt (1833-4), fjárhús (1833-6) og samkomustaður (1833-12) eru í 54 til 96 m fjarlægð frá miðlínu vegar, sjá töflu 6.5.5 í frummatsskýrslu. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifunum og staðsetningu þeirra til að koma í veg fyrir að þær raskist á meðan á framkvæmdum stendur.

Fjárhús (1833-5) og garðlag (1833-7) eru í 75 og 90 m fjarlægð frá veglínunni samkvæmt töflu 1 í fornleifaskráningarskýrslunni. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifunum og staðsetningu þeirra til að koma í veg fyrir að þær raskist á meðan á framkvæmdum stendur. Sama gildir býli (1833-8) sem er 90 m frá tengivegi veglínu F við Dynjandaveg (621) skv. fornleifaskráningarskýrslu.

Í töflu 6.5.5 í frummatsskýrslu kemur fram að naust (1833-2) er í 12 m fjarlægð frá miðlínu vegarins. Minjastofnun Íslands telur að merkja

þurfi naustið á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá raski á naustinu þarf að grafa könnunarskurð í það til að athuga hvort þar leynast mannvistarlög sem gefið geta frekari upplýsingar um naustið.

Varða (1833-48) mun lenda í skeringu tengivegar að Dynjanda og gamla þjóðleiðin (1833-3) lendir undir veglínu F á nokkrum stöðum. Varðan hefur verið skráð og telur Minjastofnun það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Ef þjóðleiðin hefur ekki verið mæld inn með GPS tæki telur Minjastofnun að það þurfi að gera áður en henni verður raskað. Minnt er á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Veglína B2. Veglínan liggur frá nýjum vegamótum Bíldudalsvegar og norður fyrir Botnshest. Engar fornleifar voru skráðar við veglínu B2.

Veglína E. Veglínan fer um „Kollagöng“. Engar fornleifar voru skráðar við veglínu E.

Veglína D. Veglínan fylgir núverandi vegi við Dynjanda.

Í frummatsskýrslu segir að þegar núverandi vegur var lagður, þar sem veglína D er kynnt, hafi minjar farið undir veg. Þess vegna sé mikilvægt að rannsókn fari fram verði Vestfjarðarvegur lagður eftir veglínu D, enda liggja skeringar alveg að minjum og yfir þær að hluta.

Eftirtaldar fornleifar voru skráðar í og í nágrenni veglínunnar: vör/lending (1833-01), naust (1833-2), þjóðleið (1833-3), rétt (1833-4), fjárhús (1833-5), fjárhús (1833-6), garðlag (1833-7), býli (1833-8), sel (1833-9), býli? (1833-10), heimild um kolagerð (1833-11), heimild um samkomustað (1833-12) og varða (1833-48).

Tvær þessara fornleifa, býli? (1833-10) og heimild um kolagerð (1833-11) eru í meira en 100 metra fjarlægð frá veglínu D eins og fram kemur í fornleifaskráningarskýrslu. Þeim ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdunum.

Í töflu 6.5.6 í frummatsskýrslu kemur fram að naust (1833-2) sé í 12 m fjarlægð frá miðlínu D. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að naustið sé 70 m norður af núverandi vegi. Af teikningu 9-15 að dæma virðist það nær lagi. Vör/lending (1833-01), rétt (1833-4), sel (1833-9), samkomustaður (1833-12) og varða (1833-48) eru í 54 til 96 metra fjarlægð frá miðlínu vegarins. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifunum og staðsetningu þeirra til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Gamla þjóðleiðin (1833-3) lendir undir veglínu D á nokkrum stöðum. Ef þjóðleiðin hefur ekki verið mæld inn með GPS tæki telur Minjastofnun að það þurfi að gera áður en henni verður raskað. Minnt er á að sækja

þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Í Búðavík er minjaheild sem sennilega hefur tilheyrt býli sem þar stóð. Í fornleifaskráningarskýrslu er vitnað í Örnefnaskrá Dynjanda. Þar segir: „Þessi hjalli nær heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar útræði og einnig beit[...]undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru komin þar um 1710. Þar sér fyrir Búðavíkurtóftum og heldur innar eru aðra tættu sem heita Beitarhúsatættur“. Í skýrslunni segir jafnframt að á svæðinu séu greinilegar rústir fjárhúsa (1833-5 og 6) garðlaga (1833-7) þar framan við og rústahólar tveir (1833-8). Í skýrslunni er raunar einungis fjallað nánar um einn rústahól (1833-8) með eftirfarandi hætti: *Um 45 m suður af fjárhúsum [1833-5,1833-6] er þúst eða rústabunga. Hóllinn er nokkuð hár og sker sig úr umhverfinu í kring og gæti þarna hugsanlega verið staðurinn þar sem býlið stóð. Engar hleðslur eru sjáanlegar en hólarnir bera merki þess að þarna hafa staðið byggingar og greinilegt að hóllinn er mun grænni en umhverfið í kring.*

Í töflu 6.5.6 í frummatsskýrslu kemur fram að fjárhús (1833-5) sé 1 m frá fyllingu vegarins, fjárhús (1833-6) sé í skeringu, varnargarður (1833-7) 10 metra frá skeringu og rústahóllinn (1833-8) fast við skeringu. Í skýrslunni er vitnað í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða þar sem lagt er til að fornminjaklasinn í Búðavík verið rannsakaður vegna lagningar nýs Vestfjarðavegar samkvæmt veglínu D.

Fornleifarnar í Búðavík tilheyra að líkindum allar býlinu sem þarna var og eru væntanlega frá sama tíma. Fornleifarnar mynda þannig minjaheild sem gefur þeim meira gildi en ella. Minjastofnun Íslands tekur undir sjónarmið Náttúrustofu Vestfjarða um að rannsaka þurfi allar fornleifarnar með fornleifauppgreiftri. Líta þarf til þess að auk sýnilegra fornleifa má ætla að mannvistarleifar séu undir sverði á milli og í kringum skráðar fornleifar á svæðinu. Leifar athafna fólks, sorp o.fl., sem getur gefið mikilvægar upplýsingar um lifnaðarhætti á staðnum, kann að liggja undir yfirborðinu. Grafa þarf könnunarskurði á svæðinu til að ganga úr skugga um umfang mannvistarleifa annarra en skráðra mannvirkja. Ef í ljós koma lög sem rík eru af mannvist þarf að rannsaka þau að fullu.

Áfangi III.

Vegagerðin leggur fram grunnvegglínu Bíldudalsvegar (63) milli Bíldudalsflugvallar og Vestfjarðarvegar sem kallast veglína X. Auk hennar eru lagðar fram tvær veglínur sem víkja frá veglínu X á köflum þar sem Vegagerðin telur tilefni til að skoða aðra möguleika á legu vegarins. Þær eru veglína Y og veglína Z.

Veglína X. Veglínan liggur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði.

Eftirtaldar fornleifar voru skráðar í og í nágrenni veglínunnar: Varða (1833-13), varða (1833-14), rúst (1833-15), rúst (1833-16), rúst (1833-17), rétt (1833-18), hleðsla (1833-19), fjárborg (1833-20), Kuml? (1833-21), vegur (1833-22), rúst (1833-23), útihús (1833-24), garðlag (1833-25), þúst/rúst (1833-26), rúst (1833-27), garðlag (1833-28), rúst (1833-29), rúst (1833-30), hleðsla (1833-31), rúst (1833-32), rúst (18833-33), rúst (18833-34), rúst (18833-35), rúst (18833-36), naust (1833-37), rúst (18833-38), rúst (18833-39), hleðsla (1833-40), hleðsla (1833-41), rúst (18833-42), rúst (18833-43), garðlag (1833-44), þúst (1833-45), rétt (1833-46) og náma (1833-47).

Sjö þessara fornleifa, rúst (1833-15), rúst (1833-16), rúst (1833-17), rúst (1833-23), útihús (1833-24), garðlag (1833-25) og náma (1833-47) eru í meira en 100 metra fjarlægð frá veglínu X eins og fram kemur í fornleifaskráningarskýrslu. Þeim ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdunum.

Í frummatsskýrslu er talað um að eftirtaldar fornleifar norðan við ósa Dufansdalsár, rúst (1833-32), rúst (1833-33), rúst (1833-34), rúst (1833-35), naust (1833-37) og hleðslu (1833-40). Girða á svæðið af vegna fyrirhugaðra framkvæmda við brú yfir ána. Á sama svæði eru rúst (1833-36), rúst (1833-38) og rúst (1833-39). Þær ættu einnig að vera innra girta svæðisins.

Rétt (1833-18), hleðsla (1833-19), kuml? (1833-21) eru fornleifar sem eru í milli 50 og 100 metra frá veglínunni. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifunum og staðsetningu þeirra til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Eftirtaldar fornleifar eru í innan við 50 m fjarlægð frá veglínu X: Varða (1833-13), fjárborg (1833-20), rúst (1833-26), rúst (1833-30), hleðsla (1833-41), rúst (1833-43), þúst (1833-45) og rétt (1833-46). Minjastofnun telur að merkja þurfi fornleifarnar með áberandi hætti, t.d. með staurum og veifum í kringum þær, til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Í fornleifaskráningarskýrslu er fjallað um leifar sels í austanverðum Fossfirði, um 1,2 km norður af bænum Fossi. Selið stendur í litlu túni rétt neðan við núverandi þjóðveg. Seljarústin (1833-27) eru tvö hólfi. Annað hólfið snýr í austur vestur og er opið í átt að firðinum. Hitt hólfið snýr í norður suður og eru hólfin sambyggð. Túngarður (1833-28) liggur upp að seljarústinni að norðanverðu. Garðurinn hefur líklega verið í kringum selið. Tvær hliðar af garðinum eru sýnilegar og liggur hann frá öðru rými selsins í vestur og beygir svo í suður. Garðurinn endar svo við litla rúst (1833-29) sem einnig hefur tengst seljabúskapnum á sínum

tíma. Í töflu 6.5.7 í frummatsskýrslu kemur fram að seljarústin sé 15 m frá miðlínu vegarins og í fornleifaskráningarskýrslu segir að rústin sé 6,3 m frá skeringu veglínu X. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi meðfram fornleifunum, milli þeirra og vegarins til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á rústunum þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir raskinu og sæta þeim skilmálum um rannsóknir sem stofnunin kanna að setja fallist hún á að fornleifunum verði raskað.

Varða (1833-14). Í Trostansfirði þar sem vegurinn kemur niður með Norðdal er varða sem er hluti af varðaðri leið. Varðan lendir í skeringu. Varðan hefur verið skráð og telur Minjastofnun það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Minnt er á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Vegur (1833-22). Í fornleifaskráningarskýrslu er eftirfarandi lýsing á veginum: *Á Skeleyri liggur vegur sem virðist liggja niður brekkuna neðan við núverandi þjóðveg og á ská niður að sjó... Vegurinn er alveg gróinn og greinilega upphlaðinn. Breidd hans bendir til að hann hafi verið gerður fyrir bifreiðar. Líklega er ekki um fornleifar að ræða.* Veglína X mun raska veginum að hluta. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurð þvert í gegnum veginn þar sem honum verður raskað til að reyna að fá betri upplýsingar um gerð hans og aldur.

Akurgerði (1833-31). Í fornleifaskráningarskýrslu er eftirfarandi lýsing á gerðinu: *Þar sem Dunfansdalsá rennur til sjávar eru sléttir bakkar eða melholt. Þar er að finna gerði sem virðist vera mjög fornt. Stærð þess bendir ekki til að um sé að ræða gerði fyrir fé heldur er þetta eitthvað stærra. Í örnefnaskrá segir: „fyrir ofan naustin er fornt gerði, heitir það Ánargerði og er sagt vera akurgerði Áns Rauðfeldar“... Gerðið er greinilega mjög gamalt og hefur blásið nokkuð upp. Stærð þess er 58 m á lengd og 46 m á breidd. Ummál þess er 194 m. Veggir eru mjög útflattir... Skeringar eru alveg við horn gerðisins. Líklega er um að ræða mjög fornt akurgerði sem er einstakt. Aldursgreiningar eru erfiðar þar sem gjóskulög vantar. Hægt er að freista þess að taka sýni inn í gerðinu til að staðfesta að um sé að ræða akurgerði og aldurgreina möguleg fræ. Mjög mikilvægt er að gríða svæðið þar sem gerðið stendur af á meðan framkvæmdum stendur eða fara í frekari aðgerðir til að vernda gerðið... Gæti einnig verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið. Mikilvægt er að fornleifafræðingur sé hafður með þegar þessar minjar eru merktar. Líkt og fram kemur í lýsingunni hér að ofan gæti verið um mjög merkar fornleifar að ræða. Mikilvægt er að vel verði staðið að merkingu gerðisins ef forðast á rask á því á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á gerðinu þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir raskinu og sæta þeim skilmálum um rannsóknir sem stofnunin kanna að setja fallist hún á að gerðinu verði raskað.*

Stekkjartangatóft (1833-42). Um hana segir í fornleifaskráningarskýrslu: *Í landi Dufansdals um 1.390 m norð-austur af bænum þar sem þjóðvegurinn liggur í átt að Bíldudal og 800 m frá suð-vestur enda flugbrautarinnar á Bíldudalsflugvelli er hringlaga túngarður og innan hans eru rústir. Í örnefnaskrá Dufansdals segir: „Yst í Stekkjartangamýrum er tóft allstór, Stekkjartangatóft. Hún er hringlaga og mótar fyrir garði út frá henni“. Í annarri örnefnaskrá frá Dufansdals segir: „Heiman og framan við Kattarhrygg gengur lítill tangi fram í sjó og heitir Stekkjartangi þar hefur trúlega áður verið býli og talið síðar stekkur en stekkjargata sú hefur þá verið æði löng. Sjást þar fornar tóftir og garðmót“. Örnefnið Stekkjartangi bendir til að þarna hafi einhvern tímunn verið stekkur en hann er þá mjög fjarri bæ. Garðlagið sem er utan um rústirnar er mjög ógreinilegt og útflatt. Mögulega hefur þarna verið lítið býli í fornöld sem síðar varð að stekk... Stærsta rústin [1833-42] innan garðlagsins er tveggja hólfa rúst. Rústin er ílönng og eru veggir mjög útflattir. Hugsanlega er lítið hólft aftan við en það er fullt af grjóti úr veggjum sem fallið hafa inn í rústina. Utan mál rústarinnar er 19 m á lengd og 12 m á breidd. Veggir eru um 30 cm útflattir og grónir. Svo virðist sem byggt hafi verið ofan á gömlum rústum á þessum stað. Núverandi vegur liggur yfir túngarðinn. Í töflu 6.5.7 í frummatsskýrslu kemur fram að rústin sé 15 m frá miðlínu vegarins og í fornleifaskráningarskýrslu segir að rústin sé 6,4 m frá skeringu veglínu X. Veglína X mun liggja rétt neðan við núverandi veg og svo er að sjá sem skeringar nýja vegarins liggi í núverandi vegi við rústina. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi meðfram fornleifunum, milli rústarinnar og túngarðsins (1833-44) að norðvestanverðu til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ekki verður komist hjá raski á rústinni þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar fyrir raskinu og sæta þeim skilmálum um rannsóknir sem stofnunin kanna að setja fallist hún á að fornleifunum verði raskað.*

Túngarður (1833-44). Túngarðurinn lá utan um rústir (1833-42 og 43) og rústabungu (1833-45). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að garðurinn sé mjög útflattur og ógreinilegur á yfirborði en þó megi grein hann ágætlega á loftmyndum. Á stöku stað standi grjót upp þar sem garðurinn sé. Núverandi þjóðvegur liggur í gegnum garðinn. Veglína X mun liggja nær sjónum en núverandi vegur og skerða meira af garðinum en núverandi vegur hefur þegar gert. Vegurinn mun hins vegar liggja fjær rústunum sem eru innan garðsins. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða snið garðsins þar sem honum verður raskað til að reyna að fá frekari upplýsingar um gerð hans.

Veglína Y. Veglínan liggur um botn Reykjarfjarðar og fylgir núverandi vegi betur en veglína X.

Veglína Y víkur frá veglínu X í botni Reykjarfjarðar. Þar eru fjórar minjar í nágrenni veglínu Y, rúst (1833-23), útihús (1833-24), túngarður (1833-25) og mógrafir (1833-47).

Rúst/útihús (1833-23). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að rústin hafi tvö samsíða hólf. Hleðslur séu grónar og um 30 cm á hæð. Rústin er 4 m á lengd og 10 m á breidd. Fyrri vegagerð hefur raskað rústinni að hluta. Raskaði endi rústarinnar er 3,5 m frá skeringu veglínu Y. Minjastofnun Íslands telur að rannsaka þurfi það sem eftir er af rústinni með fornleifauppgreftri.

Rétt við núverandi veg um Reykjarfjörð þar sem hann liggur fram hjá sundlauginni er lítið uppistandandi torfhús (1833-24) og girðing með grjóthlaðinni undirstöðu (1833-25) er í kringum húsið. Ekki er víst að mannvirkin séu mjög gömul. Húsið er 45 m frá miðlínu veglínu Y og túngarðurinn er 40 m frá miðlínunni. Minjastofnun telur að merkja þurfi húsið og girðinguna á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þau raskist af vangá.

Mógrafir (1833-47). Í botni Reykjarfjarðar vestanmegin við árósin ofan við núverandi veg eru grónar mógrafir. Grafirnar eru misdjúpar og vel grónar. Stærð svæðisins er 57 x 50 m. Samkvæmt töflu 6.5.8 í frummatsskýrslu eru mógrafirnar í 18 m fjarlægð frá miðlínu veglínu Y og samkvæmt fornleifaskráningarskýrslu eru þær 3 m frá vegskeringu. Minjastofnun Íslands telur skráningu mógrafanna fullnægjandi mótvægisáðgerð en minnir á ef raska þarf gröfunum þarf að sækja um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Veglína Z. Veglínan liggur um Trostansfjörð og þverar Sunnudalsá ofar en veglína X.

Veglína Z víkur frá veglínu X í botni Trostansfjarðar og þar sem vegurinn liggur til suður og síðan aftur til norðurs austan við Efracell. Eftirtaldar fornleifar eru í nágrenni veglínu Z á þessum kafla: Varða (1833-13), varða (1833-14), rúst (1833-15), rúst (1833-16), rúst (1833-17), rétt (1833-18) og hleðsla (1833-19).

Rúst (1833-17) er í 95 m fjarlægð frá veglínu Z. Hleðsla (1833-19) er í 97 m fjarlægð frá veglínunni og rústir (1833-15 og 16) eru í yfir 100 fjarlægð frá veglínunni. Þessum fornleifum ætti því ekki að stafa hættu af framkvæmdunum.

Varða (1833-13). Í fornleifaskráningarskýrslu segir að varðan sé 30 m frá skeringu vegarins. Minjastofnun telur að merkja þurfi vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Varða (1833-14). Varðan lendir í skeringu. Varðan hefur verið skráð og telur Minjastofnun það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Minnt er á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að rask fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Rétt (1833-18). Um réttina segir í fornleifaskráningarskýrslu: *Í örnefnaskrá segir: „Trostansfjarðarrétt er hlaðin upp við kletta, sunnan megin við Bóllæk. Hún var fjárheld 1980“... Ofan við veginn sem liggur inn í Norðdal og ofan við bæjarstæði Trostansfjarðar eru klettur í kjarri. Þar er grjóthlaðin fjárrétt og smá tún framan við. Kjarr er nú óðum að hylja þetta svæði. Réttin er ógróin og er hæst 1,2 m. Réttin er 10 m á lengd og 5 m á breidd og mynda klettarnir hluta hennar. Réttin er tvö hólf... Réttin er aðeins 8 m frá ystu vegskeringum á leið Z. Þar sem réttin er neðan við kletta og vegskeringin er ofar þá er ólíklegt að vegaframkvæmdir skemmi réttina þrátt fyrir nálægð. Merkja þarf réttina engu að síður. Minjastofnun Íslands tekur undir með Náttúrustofu Vestfjarða að merkja þarf réttina á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

Námur. Í frummatsskýrslu segir að það hafi verið hluti af verkefni Náttúrustofu Vestfjarða að skrá fornleifar á á mögulegum námusvæðum. Ekki er minnst á námur í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða en í frummatsskýrslu kemur fram að engir minjastaðir voru skráðir innan námumarka.


Tengivegir. Víða á leiðinni þarf að gera nýja tengivegi, óháð því hvaða veglínur verða fyrir valinu. Svo virðist sem nokkrar slíkar tengingar hafi áhrif á fornleifar. Tengivegur veglínu A1 að Hótel Flókalundi mun raska hluta gamallar leiðar (1833-56). Tengivegur veglínu F2 að núverandi Vestfjarðarvegi liggur nærri fornleifum sem tilheyra bænum Hellu. Þá er býli (1833-8) 90 m frá tengivegi veglínu F við Dynjandaveg (621) og varða (1833-48) mun lenda í skeringu sama tengivegar. Fjallað er um mótvægisáðgerðir vegna þessa hér að framan.

Vinnubúðir. Fjallað eru um vinnubúðir í kafla 4.7 í frummatsskýrslu. Þar eru settar fram tillögur Vegagerðarinnar að staðsetningu vinnubúða en endanleg staðsetning þeirra hefur ekki verið ákveðin. Minjastofnun minnir á að hafa þarf í huga að fornleifum verði ekki raskað þegar staðsetning vinnubúða og svæði til haugsetningar eru valin.

Reiðleiðir, útskot og áningarstaðir. Í frummatsskýrslu kemur fram að við lagningu Vestfjarðarvegur sé ekki gert ráð fyrir reiðleið meðfram nýjum vegi en að skoðað verði hvort mögulegt sé að nýta núverandi veg, á köflum þar sem hann verður lagður af sem akvegur, sem reiðleið. Þá segir að staðsetning útskota eða áningarstaða verði ákveðin í samráði við landeigendur og viðkomandi sveitarfélög þegar leiðarval liggur fyrir og hönnun framkvæmda verður komin á lokastig. Minjar geta í mörgum tilfellum aukið upplifun á áningarstöðum og því ekki óeðlilegt að þeim verði valin staður í nágrenni minja. Í slíkum tilfellum þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um staðsetningu og útfærslu áningarstaðanna.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.


Faint text below the signature, possibly a name or title.


Faint text below the signature, possibly a name or title.

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Reykjavík, 06.02.2020
Tilvísun: 201907024/5.3
MFRI: 2020-01-0007

Efni: Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna frummatsskýrslu um vegagerð á Vestfjarðarvegi og á Bíldudalsvegi, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ. Óskað er eftir álitum á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisaðgerðum ásamt vöktun.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir.

Þverun Vatnsfjarðar

Firðirnir í norðanverðum Breiðafirði eru þekkt uppvaxtarsvæði ýmissa fiskistofna m.a. nytjategunda. Til stendur að þvera Vatnsfjörð með landfyllingu og einni eða tveimur brúm. Í frummatsskýrslu kemur ekkert fram um rannsóknir á lífríki Vatnsfjarðar neðan fjöru né heldur í viðaukum hennar. Þegar til stendur að raska svæði, eins og með þverunum, er mikilvægt að búið sé að gera úttekt á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Þetta er meðal annars til þess að geta sagt til um það hvort viðkomandi framkvæmd hafi eða hafi ekki áhrif á lífríki svæðisins. Því er mælt með því að gerð verði úttekt á botnlífríki í Vatnsfirði áður en til þverunar kemur.

Þverun Vatnsfjarðar mun hafa áhrif á öldugang fyrir innan og við landfyllingu, endurnýjun súrefnis innan landfyllingarinnar og vatnsskiptin innan landfyllingarinnar.

Líklega verða ferskvatnsáhrif innan landfyllingarinnar meiri en nú eru. Í Vatnsfirði eru leirur og afar fjölbreytt lífríki sem er aðlagð að núverandi aðstæðum. Ef selta sjávarins lækkar er líklegt að einhver röskun verði á lífríkinu. Þess vegna er aftur mælt með því að gerð verði úttekt á botndýralífinu innan fyrirhugaðrar landfyllingar og einnig utan hennar til samanburðar. Síðar væri hægt að bera saman hvort og þá hvernig áhrif hafa orðið á lífríkið innan landfyllingarinnar og hvort tengja megi þau við hana.

Mismunandi valkostir veglagninga og landfyllinga mun hafa mismikil áhrif á Vatnsfjörð. Vegna landfyllingarinnar er líklegt að umhverfið geti orðið fyrir breytingum vegna breyttra strauma og straumhraða. Við alla valkosti sem þvera fjörðinn getur straumhraðinn norðan við brú aukið rof á Háatanga og þá ekki eingöngu í álnum eða undir brúnni sjálfri.

Til þess að lánmarka áhrif á lífríki og vistkerfi fjarðarins þarf að tryggja að vatnsskipti séu sem best. Tvær brýr myndu auðvelda vatnsskiptin milli innsti hluta fjarðarinnar og þess ytri, en það er líklegt að allir valkostir sem þvera fjörðinn hafi talsverð áhrif á leirur við Pennuósa. Við valkost F3 (með tveimur brúm) myndi hins vegar straumhraðinn við Pennuósa aukast verulega, sem gæti valdið talsverðu rofi á leirurnar. Við valkosti F1 og F3 (með einni brú) gæti hins vegar straumhraðinn við Pennuósa minnkað talsvert sem eykur ferskvatnsáhrif ásamt því að aukin setmyndun yrði og minni vatnsskipti. Tekið skal fram að leirur eru svæði sem hafa mikinn líffræðilegan fjölbreytileika og njóta sérstakrar verndar þess vegna.

Áhrif landfyllinga við fjöru

Til stendur að leggja nokkra vegkafla við fjöru m.a. í Suðurfirði og Borgarfirði. Ef rask verður á fjöru á þessum svæðum bendum við á gagnsemi þess að gera vegkantinn aflíðandi í stað bratts sem mótvægisáðgerð vegna lífríkis sem mun raskast við framkvæmdirnar. Aflíðandi kantur myndi auka líkur á að frumframleiðendur og dýr gætu tekið sér bólfestu á nýju svæði og myndi það líkja eftir náttúrulegri fjöru. Þessi mótvægisáðgerð á einnig við um landfyllingar og myndi gagnast þar sem þvera á Vatnsfjörð.

Áhrif á ár og vötn

Mikilvægt er að við gerð ræsa og brúa sé þess gætt að straumhraðinn í gegnum ræsin og undir brúnum sé ekki of mikill. Einnig að ekki myndist stallur fyrir neðan slík mannvirki. Þetta er mikilvægt vegna þess að stallur og mikill straumhraði geta haft neikvæð áhrif á hæfni fiska til þess að ganga um ár og læki og rjúfa með því samfellu. Mikilvægt er að stærð ræsa sé nægileg svo áhrif verði sem minnst og helst á að nota ræsi sem eru löguð líkt og öfugt U og með náttúrulegum botnefnum. Þar sem um göngufiska er að ræða skiptir samfella miklu máli og er hún eitt af þeim atriðum sem metin eru við mat á ástandi straumvatnshlota skv. lögum um stjórn vatnamála (Vatnatilskipun). Með þeim lögum er kveðið á um að ástandi vatnshlota skuli ekki hraka og ef þau ná ekki góðu ástandi ber að upphæfja það með aðgerðum. Því er bent á að það getur verið hagkvæmara fyrir framkvæmdaaðila að fara í mótvægisáðgerðir í upphafi framkvæmda í stað þess að þurfa að fara í aðgerðir síðar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. febrúar 2020
2020010028/42-0
OKV, SBR, TB
jgo/tb

Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63), frmmatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 27. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63). Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun telur framlagða frummatsskýrslu vel unna og greinargóða.

Jarðminjar

Almennt telur Náttúrufræðistofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa neikvæð áhrif á mikilvægar jarðminjar og á það við um alla áfanga leiðarinnar og gerir Náttúrufræðistofnun því ekki athugasemdir við framkvæmdina m.t.t. jarðminja.

Vistgerðir

Helstu landvistgerðir sem hafa hátt verndargildi á úttektarsvæðinu eru birkiskógar (blanda af kjarrskóga- og lyngskógavist), strandvistgerðin sjávarfítjungsvist og votlendisvistgerðir/votlendi.

Birkiskógar

Fyrirhugað er að leggja nýja vegkafla um birkiskóga í Penningsdal vestan Vatnsfjarðar, um Dynjandisdal og í Sunndal í Trostansfirði en birkivistgerðirnar þrjár hafa hátt verndargildi sbr. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og skilgreindi Náttúrufræðistofnun Íslands þær sem forgangsvistgerðir við val svæða á B-hluta náttúruminjaskrá árið 2018, sjá <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

- Umfangsmestir eru birkiskógar í Penningsdal á veglínu F og F2 en þeir þekja meginhluta veglínanna í neðri hluta Penningsdals.
- Í Dynjandisdal kemur fram að veglína D hafi í för með sér minni skerðingu á birkikjarri og



telur NÍ það rétt ályktað.

- Í Sunndal verður talsverð skerðing birkiskóga og þar er talið að veglína Z skerði birkiskóga síður en veglína X sem einnig virðist rétt ályktað.

Ljóst er að nokkuð umfangsmikið rask verður á birkiskógavistlendi í tengslum við veglagninguna. Í því samhengi skiptir miklu að birki hefur verið í sókn undanfarna áratugi, og þar eru sunnanverðir Vestfirðir engin undantekning. Ætti það að auðvelda sjálfgræðslu raskaðra svæða. Og eins og bent er á í gögnum málsins er hægt að nýta gróður/birkiplöntur sem til falla úr vegstæðum til uppgræðslu á aflögðum vegum. Mjög mikilvægt er að í framkvæmdaleyfi verði tryggt að ekki verði heimilt að nota framandi tegundir við uppgræðslu og vegna birkiskóga sé eingöng notast við birki af svæðinu en ekki framandi trjáplöntur. Við efnistöku þarf að tryggja að ekki sé notað efni þar sem lúpína vex.

Sjávarfitjar

Sjávarfitjungsvist hefur hátt verndargildi og er jafnframt forgangsvistgerð. Skv. gróðurkorti í skýrslunni er talið vera lítið um sjávarfitjar á vegstæði þar sem gert er ráð fyrir þverun Vatnsfjarðar. Sjávarfitjungur vex þó á mjóum beltum í fjöruborðinu beggja megin fjarðarins. Út frá matsskýrslu og úttekt Náttúrustofu Vestfjarða, NAVÉ, er vandséð hvort allir vegkaflar hafi verið gróðurkortlagðir á áreyrunum við Flókalund. Fjöldi veglína er settur fram í frummatsskýrslunni en gróðurúttektin sýnir þetta svæði aðeins á kortum 1 og 2 í úttektarskýrslu NAVÉ. Því er ekki hægt að greina umfang sjávarfitjungsvistar á veglínu A2 og veglínu F3 og óvíst er með umfangið á veglínu F og F2. Því ríkir óvissa um áhrif veglínanna á þessa vistgerð í Vatnsfirði. Sjá einnig síðar.

Í Fossfirði, þar sem vegstæði verður fært fjær bænum Fossi út á áreyrarnar, munu sjávarfitjar (líkl. sjávarfitjungsvist) færast ofan við vegstæði. Samkvæmt korti eru fitjarnar 2 ha að flatarmáli. Mögulegt er að vegkaflinn hafi áhrif á sjávarföll ofan vegar sem þá mun hafa áhrif á sjávarfitjarnar en hve mikið mun ráðast af veghönnun á þessum kafla, sjá einnig síðar.

Veglína X og veglína Z í Sunndal færir veginn nær ströndinni og þverar Sunndalsá við ósa hennar í stað þess að fara inn dalinn sjálfan og þvera ána þar. Samkvæmt gróðurúttekt eru þó hvorki votlendi né fitjar á þessum slóðum.

Votlendi

Votlendissvæði, landvistgerðir, eru aðeins á litlum hluta vegstæða. Þó má nefna að:

- Votlendissvæði, um 3,4 ha að stærð, er í Penningsdal á veglínu F við ána Pennu sunnanverða. Vegna votlendis virðist betri kostur að velja veglínu F2 norðan Pennu, en báðar veglínur liggja um nokkuð sambærileg birkiskógasvæði.
- Veglína F verður færð neðar í hlíðina við Hærrí-Öxl en gert er ráð fyrir að nýja vegstæðið fari sveig umhverfis Afréttarvatn. Þar er votlendissvæði sem mun skerðast við framkvæmdina. Gróin votlendissvæði, einkum í grennd við tjarnir/vötn, eru almennt lítil og fá á úttektarsvæðinu en þetta er eitt þeirra stærri. E.t.v. mætti skoða að hafa vegstæðið áfram vestan vatnsins eins og það liggur nú, það mundi a.m.k. valda minna raski á vatnasviði Afréttarvatns og votlendi umhverfis vatnið, eða skoða hvort færa megi veglínuna eitthvað



austar.

Fágætar plöntur

Í umræðukafla um gróðurúttekt kemur fram að ekki hafi fundist neinar tegundir á valista á úttektarsvæðinu. Taldar eru fram tegundirnar stóriburkni, grasnykra og marhálmur, sem eru fremur sjaldgæfar, ýmist á landsvísu eða á Vestfjörðum. Plöntulistinn virðist fyrst og fremst vera byggður á úttekt NAVE á vettvangi. Samkvæmt kortasjá NÍ sem sýnir vaxtarstaði valistiplantna, virðist Stefánssól vaxa á eða við veglínu Z í Sunndal en tegundin er á valista NÍ frá 2018 yfir tegundir í nokkurri hættu (VU) sjá

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna> . Skráningin er þó komin til ára sinna, eða frá árinu 1944, og hefur ekki verið leitað að tegundinni þarna aftur (Pawel Wasowicz NÍ, pers. uppl.). Samkvæmt frummatsskýrslu vex melasól á úttektarsvæðinu en er þó ekki skráð á því svæði sem tekur til þessa vegstæðis.

Veglína Z í Sunndal virðist valda minni skerðing á birkiskógum en veglína X. Fara þarf með gát og skoða hvort Stefánssól vaxi í fyrirhuguðu vegstæði.

Aðrar athugasemdir

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að:

“Til að draga úr áhrifunum verður þess gætt að rask verði sem minnst á framkvæmdatíma og við frágang verður jafn stórt gróðurlendi og raskast grætt upp. Í samráði við Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ verður leitast við að endurheimta jafn stórt votlendi og raskast vegna framkvæmdanna og haft samráð við Skógræktina um uppgræðslu til að bæta fyrir það birkikjarr sem tapast.”

Þótt mótvægisáðgerðir, s.s. endurheimt votlendis, séu almennt til bóta sem mótvægisáðgerð verður þó að hafa í huga að vötn í vel grónu votlendi á hálendi jafngilda ekki votlendi á láglendi. Aðstæður til að endurheimta votlendi eru fyrst og fremst á láglendi og því ólíklegt að þær tegundir (fuglar og önnur dýr, plöntur) sem þrífast á hálendum votlendissvæðum geti nýtt slík endurheimt búsvæði. Af þessum sökum er full ástæða til að benda á að rask gróinna votlendissvæða á hálendum svæðum verður ekki endurheimt á láglendi og því ekki hægt að setja endurheimt votlendis á láglendi sem mótvægisáðgerð við röskun votlendis á hálendi. Gera þarf kröfu um að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að forðast rask á votlendi í hálendi. Sjá athugasemdir um uppgræðslu vegna taps á „birkiskógum“ hér að framan.

Fjörur og fjöruvistgerðir

Við val á leiðum er að mati Náttúrufræðistofnunar mikilvægt að hafa í huga að vistkerfi og lífríki fjara byggist á flóknu samspili lífrænna og ólífrænna þátta. Því er erfitt að spá fyrir um áhrif framkvæmda á fjörur og fjöruvistgerðir og því þeim mun mikilvægara að alltaf sé litið til þess að raska fjörum sem minnst og gæta fyllstu varúðar.

Í skýrslunni kemur vel fram af hálfu Vegagerðarinnar að við fyrirhugaðar framkvæmdir muni votlendi, sjávarfitjar, stöðuvötn og tjarnir skerðast þrátt fyrir að votlendi njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að forðast beri að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt, við framkvæmd eins og þessa, að skoða fágæti og mikilvægi vistgerða svæðisbundið fremur en almennt að skoða hvaða hlutfall vistgerða er verið



að skerða á landsvísu. Vissulega getur verið um að ræða vistgerðir sem eru t.d. mjög fágætar á landsvísu en almennt er eðlilegra að skoða röskun á vistgerðum út frá náttúruverðmætum þess svæðis sem um ræðir hverju sinni. Bæði til vernda lífríki t.d. fjara almennt, en mikill munur er á fjörum milli landshluta, en ekki síður vegna t.d. fugla sem eru oft áthagatryggir og leita á sömu svæði ár eftir ár í ætisleit og til varps. Það er því að taka full djúpt í árinna að fullyrða að vistfræðilegir ferlar og tegundafjölbreytni viðhaldist við framkvæmdirnar líkt og haldið er fram í umræðum á bls. XXI og bls. XXVIII.

Á bls XXI segir: *Fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra, með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð, verður viðhaldið á mögulegu framkvæmdasvæði þótt vistfræðilega mikilvægum vistkerfum verði raskað. Framkvæmdin mun skerða mikilvæg vistkerfi hlutfallslega mjög lítið, sé lítið til stærðar slíkra vistkerfa innan landsins í heild.*

Á bls XXVIII segir: *Þrátt fyrir þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á verndarsvæði og vistkerfi sem njóta verndar, telur Vegagerðin að framkvæmdin sé ekki í andstöðu við verndarmarkmið 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga, því hún mun ekki draga úr líffræðilegri eða jarðfræðilegri fjölbreytni eða fjölbreytni landslags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.*

Hér að framan er vísað til umræðu um framkvæmdina með hliðsjón af verndarmarkmiðum laga um náttúruvernd í umfjöllun um alla áfanga. Í sömu mgr. er mjög vafasöm túlkun á lögum um náttúruvernd. Þar segir réttilega að lög um náttúruvernd fjalli ekki eingöngu um náttúruvernd heldur einnig að tryggja rétt almennings til að komast um landið og njóta þess í sátt við náttúruna (sem er náttúruvernd, innskot NÍ) o.s.frv. Þessi rök eru m.a. notuð til að réttlæta að framkvæmdirnar séu ekki í andstöðu við lögin, væntanlega vegna þess að þær auðvelda för um landið. Í fyrsta lagi er megin inntak náttúruverndarlaga að vernda náttúruna og að öll frávik frá því, hver sem þau eru, eigi að miða að því að náttúrunni sé ekki spillt. Að framkvæmdaraðili túlki lög um náttúruvernd þannig að t.d. að þverun Vatnsfjarðar, áfangi I, sé í sátt við náttúruna og lög um náttúruvernd af því að það auðveldi för frá a til b er háalvarlegt mál. Stofnun í eigu almennings eins og Vegagerðin á að ganga fremst í því að fara eftir lögum um náttúruvernd en ekki að túlka lögin með þeim hætti að þau þjóni eingöngu þröngum sjónarmiðum/hagsmunum vegagerðar. Þessi túlkun Vegagerðarinnar birtist einnig með sama hætti í túlkun hennar á almannahagsmunum, sem vissulega geta leitt til þess að raska þurfi náttúrunni s.s. vegna öryggismála. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða eins og gert er neðst á bls. 368 að almannahagsmunir krefjist þess að náttúruverndarsvæðum sé raskað vegna fyrirhugaðrar vegagerða með vísun í áfanga I og II. Vissulega leiða vegabætur á þessu svæði til röskunar að einhverju marki og vissulega er til bóta fyrir svæðið og íbúa þess að þar séu gerðar vegabætur en það eru engir þeir almannahagsmunir til staðar sem krefjast þess beinlínis að Vatnsfjörður sé þveraður heldur frekar þvert á móti, sjá einnig síðar.

Stöðuvötn og tjarnir

Í frummatsskýrslunni er engin veglína talin hafa áhrif á stöðuvötn og tjarnir sbr. töflu 14-15, bls. XI, en í niðurstöðukafla á sömu bls. segir að framkvæmdir muni skerða stöðuvötn og tjarnir. Það er því spurning hvort hér er um ónákvæmni í orðalagi að ræða eða hvort aðrar skýringar finnast?

Á bls. XIV er í töflum 19-21 lagt mat á áhrif á straumvötn og stöðuvötn og samkvæmt töflunum er matið það sama fyrir alla áfanga. Þessi niðurstaða virðist ekki í samræmi við niðurstöðu á bls.



XV um að áfangi I hafi minnst áhrif.

Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að Hærriöxl, lindasvæði norðan undir Hærriöxl á Dynjandisheiði (sunnan megin við núverandi Þjóðveg), verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár, sjá <https://www.ni.is/node/21585>. Hér er að finna a.m.k. fjórar lindir sem eru einkennandi fyrir lindir sem finna má utan eldvirka svæðisins. Athuga þarf sérstaklega að vegagerð raski ekki þessu svæði, sjá einnig hér að framan.

Lífríki í fjöru og leiru

Tafla 13. sýnir að veglínur A hafi ekki áhrif á sjávarfitjar en að allar veglínur F hafi nokkuð neikvæð áhrif í áfanga I. Í áfanga III eru allar veglínur X, Y og Z taldar hafa nokkuð neikvæð áhrif.

Skerðing er á fjörusvæðum í Reykjarfirði, veglínur X og Z og Vatnsfirði veglínur A2, F, F2, F3 og í Fossfirði, veglína X. Veglínur A2, F, F2 og F3 eru taldar hafa talsverð neikvæð áhrif á lífríki í fjörum og leirum og því eru þær versti kosturinn ef litið er til 61. greinar náttúruverndarlaga í stað þess að fara leiðir A1 eða A3. Fjörusvæði í Reykjarfirði og Vatnsfirði eru m.a. mikilvæg fæðuöflunarsvæði, sérstaklega fyrir rauðbrystinga.

Tekið er fram á bls. XV að að óvissa er um umfang og áhrif þverana á straumhraða, setflutninga og botnrof og þar með á líffræðilega þætti sjávar.

Ós Fossár í Fossfirði – áfangi III:

Sýnatökustöðvar í Fossfirði voru allar fyrir utan fyrirhugaðan veg (leið X) og þ.a.l. var ekki kannað dýralíf sem finnst á sjávarfitjunum í firðinum. Einnig virðist ekki hafa verið lagt mat á vatnsskipti. Hætt er við að með því að leggja veginn út fyrir sjávarfitjarnar muni þær hverfa vegna þess að ferskvatnsáhrif aukist og sjávarfalla muni ekki gæta nóg fyrir innan til að viðhalda þeim aðstæðum sem sjávarfitjar þurfa til að þrífast. Fram kemur að áfangi III muni hafa óveruleg áhrif á lífríki í fjörum en eins og málið er lagt fyrir telur Náttúrufræðistofnun ólíklegt að sjávarfitjar geti þrífist við ós Fossár sé leið X valin. Ekki er minnst á þennan möguleika en fullyrt á bls.14 að ekki sé um verulega neikvæð áhrif að ræða. Á bls. XI í skýrslu segir hins vegar: *Áhrif framkvæmdarinnar á sjávarfitjar eru varanleg og óafturkræf en engin þeirra leiða sem lagðar eru fram hefur veruleg neikvæð áhrif á sjávarfitjar.* Þessi niðurstaða stenst auðvitað ekki ef horft er staðbundið á málið en auk þess eru sjávarfitjar ekki víðfemar á landsvísu. Markmiðið á auðvitað að vera að lágmarka áhrif í öllum tilfellum.

Reykjarfjörður – áfangi III:

Veglínur X og Z raska leirusvæðum í Reykjarfirði. Óraunhæft er að segja að áhrifin séu afturkræf sé vegurinn fjarlægður.

Tafla 24. Samanburður á áhrifum veglína á lífríki í fjörum og leirum á áfanga III.

	Veglína X	Veglína Y	Veglína Z
Lífríki í fjörum og leirum	○	○	○

Hér virðist veglína Y vera betri kostur í botni Reykjarfjarðar en veglína X út fjörðinn vestan megin vegna votlendis. Það er því ástæða til að skoða þessa tvær leiðir betur.

Vatnsfjörður – áfangi I:

Tekið er fram að straumar muni óhjákvæmilega breytast við þverun og einnig getur öldumynstur



breyst. Þetta hefur áhrif á setflutninga sem getur haft mikil áhrif á setfjörur/leirur. Áætluð útmörk botnrofssvæða ná upp í fjöru sem getur haft áhrif á lífríki þeirra. Mat á botnrofi er ónákvæmt þar sem kornastærð sets á svæðinu hefur ekki verið könnuð. Því er ekki vitað með vissu hver áhrif setflutninga og uppsöfnun setefna í raun er.

Töluverð óvissa er um strauma og öldufar í Vatnsfirði við framkvæmdirnar. Vatnsfjörður er mjög grunnur og því geta áhrif á lífríki svæðisins orðið mikil ef setflutningar breytast. Vegna þessara óvissupátta er ekki hægt að fullyrða um t.d. næringarefna flutning eða rask á botni sjávar innan þverunar. Breytingar á öldufari getur einnig haft mikil áhrif á vistkerfi fjara þar sem þær eru mjög mótuð af brimasemi. Ljóst er að veglínur A1 og A3 hafa minnst áhrif.

Tafla 23. Samanburður á áhrifum veglína á lífríki í fjörum og leirum á áfanga I.

	Veglína A1	Veglína A2	Veglína A3	Veglína F	Veglína F2	Veglína F3
Lífríki í fjörum og leirum	○	◆◆	○	◆◆	◆◆	◆◆

Almennt

Að mati Náttúrufræðistofnunar er fremur létt tekið á áhrifum á fjörusvæði almennt. Fjallað er ýtarlega um gróðurlendi og ferskvatn en gengið er út frá því að ekki verði skaði á leirum vegna þess að vatnsskipti haldist sbr. umfjöllun um Vatnsfjörð. Ljóst er þó að þverun fjarða með vegfyllingum hefur óhjákvæmilega áhrif á eðliseiginleika sjávar með margvíslegum hætti og því ónákvæmt að tala eingöngu um tímabundin áhrif eða staðbundin. Mótvægisáðgerðir eru ekki tilstaðar þegar kemur að sjávarfitjum en það er ekki tekið fram í verndarmarkmiðum. Fullyrt er að áhrif á fjörur séu almennt staðbundin en það er fremur ónákvæmt fullyrðing þar sem mjög erfitt er að spá fyrir um hvað muni gerast fyrir innan þveranir þar sem straumar og ölduhrif breytast.

Niðurstaða og val á leiðum

Að mati Náttúrufræðistofnunar mun veglína A1 hafa langminnst áhrif á náttúru Vatnsfjarðar og að mati stofnunarinnar **á þverun Vatnsfjarðar ekki að koma til greina** bæði vegna mögulegra áhrifa á vistgerðir og lífríki svæðisins og vegna eyðileggingar á landslagi Vatnsfjarðar. Þess utan mun þurfa að viðhalda tvöföldu vegakerfi á þessu svæði. Þverun Vatnsfjarðar er á engan hátt hægt að réttlæta með almannahagsmunum þar sem að um marga aðra valkosti er að ræða fyrir lagningu vegarins. Stytting á Vestfjarðarvegi er það lítil með þverun Vatnsfjarðar að hún ein og sér réttlætir ekki að eyðileggja landslag friðlands og að raska verulega verndarsvæði Breiðafjarðar. Í þessu sambandi er ekki hægt að horfa fram hjá því að búið er að þvera þrjá firði og til stendur að þvera þrjá til viðbótar á sunnanverðum Vestfjörðum.

Annar áfangi skerðir ekki sjávarfitjar né stöðuvötn og tjarnir.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er veglína Y í áfanga III skást þeirra valkosta sem koma til greina,

Aðrar athugasemdir

Á bls. 373 segir í kafla 9 segir: „Við val á þeim veglínunum sem hér eru lagðar fram hefur verið lögð áhersla á að finna veglínur sem liggja vel í landi og hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið. Einnig var reynt að finna sem öruggastar og stýstar leiðir.“ Að mati Náttúrufræðistofnunar á þetta alls ekki alltaf við sbr. þverun Vatnsfjarðar, sjá annars



athugasemdir.

Landnotkun og mannvirki

Á bls. 374 segir: „Að öðru leyti verða áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun jákvæð, því búsetuskilyrði batna, möguleikar á fiskeldi í sjókvíum á svæðinu verða betri og aðgengi að frístundahúsum á svæðinu verður betra. Við Foss er mögulegt að stækka svæði til æðarræktar. Vegagerðin telur að áhrif áfanga I á landnotkun verði nokkuð jákvæð fyrir veglínur F, F2 og F3 en óveruleg fyrir aðrar veglínur á áfanganum og að áhrif áfanga II og III á landnotkun verði talsverð jákvæð, óháð leiðarvali. Telja má að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun verði varanleg en staðbundin.“ Erfitt er að skilja, enda ekki beint rökstutt, þá fullyrðingu að áhrif á landnotkun verði nokkuð jákvæð fyrir veglínur F, F2 og F3 en óveruleg fyrir aðrar veglínur. Náttúruvernd er einnig landnotkun og umræddar veglínur F, F2 og F3, munu hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og náttúruvernd.

Útivist og ferðamennska

Á bls. 374 segir: „Framkvæmdin er því í samræmi við áætlanirnar. Framkvæmdin mun, í flestum tilvikum, hafa jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Vegagerðin telur að á áfanga I muni veglínur F, F2 og F3 hafa nokkuð jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku en að veglínur A1, A2 og A3 muni hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif á þessa þætti. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að áfangar II og III muni hafa veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Áhrif framkvæmdarinnar eru bæði staðbundin og ná til allra sunnanverðra Vestfjarða.“ Náttúrufræðistofnun er hulin ráðgáta, enda ekki rökstutt, hvernig sú niðurstaða er fengin að leiðir A1, A2 og A3 muni hafa óveruleg til neikvæði áhrif en ekki veglínur F, F2 og F3. Svo virðist sem að eini mælikvarði Vegagerðarinnar sé hversu hratt sé hægt að komast um landið á bifreið.

Að öðru leiti en kemur fram í þessari umsögn telur Náttúrufræðistofnun að gerð sé grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Umsögn Ísafjarðarbæjar

2018020100 - Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur

Á 1088. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, sem haldinn var 6. janúar sl., var lagður fram tölvupóstur Egils Þórarinssonar f.h. Skipulagsstofnunar, dagsettur 27. desember sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frummatsskýrslu um vegagerð á Vestfjarðarvegi (60) um Dynjandisheiði og á Bíldudalsvegi (63) Bæjarráð vísaði umsagnarbeiðni til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur frummatsskýrsla vegna vegagerðar þ.e. Vestfjarðarvegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og geri grein fyrir framkvæmdinni á fullnægjandi hátt.

Með hliðsjón af valkostum í frummatsskýrslu í áföngum I, II og III. Er það mat skipulags- og mannvirkjanefndar að þverun Vatnsfjarðar sé ákjósanlegasti kosturinn í leiðarvali í fyrsta áfanga þ.e. að farnar verði veglínur F2 eða F3, gera má ráð fyrir því að ásýnd í landslagi verði veruleg, hinsvegar felur umhverfismat í sér að samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið séu metin. Veglínur F2 og F3 í áfanga I munu hafa jákvæð áhrif á þá sem munu dveljast í Vatnsfirði þar með jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Einnig má gera ráð fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum á fornleifar og gróður við leiðarval A1 og A 3 í áfanga I.

Í áfanga II eru lagðar fram eftirfarandi valkostir þ.e. veglínur F, B2, D og E, í samanburði valkosta er leið E frá Norðurdalsár og norður fyrir Botnshestinn þ.e. jarðgangaleiðiðin ákjósanlegasti kosturinn með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Í framhaldi áfanga II er Veglína F um Dynjandisvog ákjósanleg m.t.t. umferðaröryggissjónarmiða og minna rasks á fornminjum. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að leið F verði farin um Dynjandisvog og að ásýnd framkvæmdarinnar verði lágmörkuð með mótvægisáðgerðum. Nefndin leggst gegn leiðarvali D þar sem hún uppfyllir ekki viðmið um hönnunarstaðla, þars sem forsendur framkvæmdarinnar er styrking samfélags með bættum samgöngum og með m.t.t. umferðaröryggis.

Áfangi III Bíldudalsvegur, Bíldudalsflugvöllur-Vestfjarðarvegur er lagt upp með veglínur x, y og z, almenn sátt virðist ríkja á milli Vegagerðar og landeigenda með veglínu Z og leggur Vegagerðin til að sú leið verði valin, nefndin tekur undir sjónarmið Vegagerðar.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
bt. Egill Þórarinsson

Vesturbyggð, 20. febrúar 2020
1903137 RH

Efni: Umsögn Vesturbyggðar um frummatsskýrslu

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um frummatsskýrslu um vegagerð á Vestfjarðavegi (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63).

Frummatsskýrslan var lögð fram á 888. fundi bæjarráðs 7. janúar 2020 og tekin fyrir á 889. fundi bæjarráðs 21. janúar 2020. Vegagerðin kynnti svo efni skýrslunnar á íbúafundi í Baldurshaga á Bíldudal 5. febrúar 2020. Skipulags- og umhverfisráð fjallaði um skýrsluna á 69. fundi sínum 13. febrúar 2020. Bæjarstjórn Vesturbyggðar fjallaði um skýrsluna á 345. fundi sínum 19. febrúar 2020 þar sem eftirfarandi var bókað:

”Bæjarstjórn Vesturbyggðar telur frummatsskýrslu vegna vegagerðar þ.e. Vestfjarðarvegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg uppfylla skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og skýrslan geri fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni. Bæjarstjórn Vesturbyggðar leggur áherslu á að haft verði samráð við hagsmunaaðila vegna endanlegs leiðarvals í Vatnsfirði.”

Tilkynnist þetta hér með.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,



Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 27. febrúar 2020
Tilv. 2020-01-02-0008

Efni: Varðar vegabætur á Vestfjarðarvegi (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)

Í bréfi dagsettu 27. desember 2019 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna vegabóta fyrir Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63). Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að í vatnsföllum á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda eru hlunnindi sem felast í nýtingu laxfiska t.d. í Vatnsdalsá, Sunndalsá, Norðdalsá og Dufansdalsá, þar sem vitað er um lax og urriða. Þó liggur lítið fyrir um rannsóknir á fiskstofnunm á svæðinu.

Fram kemur að bein áhrif framkvæmdar eru þar sem veglínur skera ár, læki og vötn en þar sem fáar rannsóknir hafa verið gerðar á ám og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu telur Náttúrustofa Vestfjarða óvíst hversu mikil áhrif framkvæmdin getur haft á umhverfið og þar með metur hún vægi umhverfisáhrifa óviss. Hafrannsóknastofnun rannsakaði lífríki Djúpavatns og nálægra tjarna á Dynjandisheiði og jafnframt lífríki Pennu á Barðaströnd og lagði mat á hugsanleg áhrif framkvæmdanna á lífríkið.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er að framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif á lífríki straumvatna og stöðuvatna á öllum áföngum framkvæmdarinnar, óháð leiðarvali. Þó er gert ráð fyrir nokkuð neikvæðum tímabundnum áhrifum á lífríkið á framkvæmdatíma af lagningu áfanga I, II og III þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á lífríki straumvatna.

Fiskistofa telur að í frummatsskýrslu sé fjallað um þá þætti sem skipta máli vegna mögulegra áhrifa framkvæmdanna á lífríki í straum og stöðuvötnum. En þar sem þekkingu skortir nokkuð er óvíst um það hver áhrifin verða. Fiskistofa telur að hægt verði að þvera vötnin án þess að þrengja að farvegi þeirra. Ef þess er gætt munu brýr ekki hafa áhrif á straumhraða, sem getur breytt skilyrðum mikið í vötnum. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að mælst er til þess að byggð verði brú en ekki ræsi á fiskgenga hlutanum í ám og á það við alla kosti leiða. Fiskistofa telur að með því megi lágmarka áhrif á lífríki fallvatna. Skerðing á lífríki í fjöru getur haft áhrif á viðkomu laxfiskastofna, einkum urriða og bleikju, og því mikilvægt að greina hugsanleg áhrif á lífríki fjörunnar eins og gert er í matinu.



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

Fylgiskjal 29

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Helga Aðalgeirsdóttir

From: Sölvi Sólbergsson <srs@ov.is>
Sent: miðvikudagur, 8. janúar 2020 18:53
To: Helga Aðalgeirsdóttir
Subject: Frummatsskýrsla Dynjandisheiði

Sæl

Minniháttar rangfærslur:

Sá strax í textanum varðandi Mjólkárirkjun. Gamla tímanum gerð góð skil, en eftir að OV tók við 1978, þá er búið að skipta út báðum vélunum sem nefndar eru í textanum. Afl þeirra í dag er 3 og 7 MW. Síðan er búið að bæta við Mjólká III sem er 1,2 MW og afl virkjunarinnar orðið 11,2 MW. Í sjálfu sér þarf ekki að segja frá þessu öllu, heldur tilvist virkjunarinnar eins og þið gerið og heildar aflið í dag.

Varðandi teikningu 2, Yfirlitsmynd verndarsvæði, þá er Friðlandið í Vatnsfirði haft of stórt í austur og nær yfir á vatnasvið Kjálkafjarðar sem er rangt. Ekkert af vatnsviði Kjálkafjarðar er í Friðlandinu. Í textanum er þetta rétt því þar er tekið kort af vef UST af Friðlandinu og sett í textann.

kveðja

Sölvi R Sólbergsson
Framkvæmdastjóri
Orkusviðs
+354 450-3230
+354 892 0854
srs@ov.is

Orkubú Vestfjarða ohf.
Stakkanesi 1, 400 Ísafirði
+354 450 3211
www.ov.is



Helga Aðalgeirsdóttir

From: Egill Þórarinsson <Egill@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 24. janúar 2020 13:36
To: Helga Aðalgeirsdóttir
Subject: Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur

Sæl Helga

Meðfylgjandi athugasemd kom í tölvupósti. Hún er merkt sem athugasemd við matsáætlun en barst á kynningartíma frummatsskýrslu.

Með kveðju, Egill

From: Sölvi Sólbergsson <srs@ov.is>
Sent: 08.01.2020 18:20:02
To: Skipulagsstofnun
Subject: Athugasemd Sölva R. Sólbertssonar við Matsáætlun

Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði.

Margar veglínur er hafðar í frummatsskýrslunni, en ekki þverun Reykjafjarðar á Bíldudalsvegi. Reykjafjarðarlag er ein af 5 áhugaverðum ferðamannastöðum samkvæmt lista Ferðamálastofu. Laugin er aðdráttarafli og fjaran og sjórinn í tengslum við hana og meiri kyrrð yrði ef vegurinn væri ekki í næsta nágrenni. Haft er í fjarðarmynninu sem ætti að hjálpa en á móti kemur kalknámur sem eru í nýtingu. Lítil sjóskipti vegna smæðar fjarðarins, en móti kemur að sjósport gæti notið sín vegna smæðarinnar og þá þyrfti brúin kannski að vera eitthvað hærrí yfir haffletinum.

Sölvi R Sólbergsson,

Kt. 190559-4919

From: Þorbergur Steinn Leifsson <tsl@verkis.is>

Sent: 07.02.2020 22:36:48

To: Skipulagsstofnun

Subject: Athugasemd Þorbergur S. Leifsson við veg um Dynjandisheiði


Athugasemd við frummatsskýrslu um veg um Dynjandisheiði.

Þarf ekki að skoða fýsileika þess að fara með veginn í hallandi jarðgöngum í gegnum Meðalnesfjall í stað þess að fara fyrir nesið. (Sjá græna línu á myndinni, hér neðar)

Kostirnir eru helstir:

1. Veglínan myndi stytast um 5,3 km sem sparaði mikið í eldsneytiskostnaði og tíma vegfaranda.
2. Ekki þyrfti að leggja dýran veg í fjörunni undir Meðalnesinu. Þessi vegkafla er væntanlega mjög dýr á km.
3. Umhverfisáhrif vegarins um Meðalnesið eru væntanlega mikil, og miklu meiri en jarðganganna.
4. Snjóflóða og skriðuhætta hyrfi nánast.
5. Jarðgöngin yrðu stutt og því ekki þörf á miklum öryggisráðstöfunum, og því ódýrari en ella.
6. Rekstur jarðgangana yrði auðveldari vegn nálgðar Dýrafjarðrgnga.
7. Vegurinn myndi ekki valda truflun fyrir fólk sem er við Dynjanda.

Hafi þetta verið skoðað væri æskilegt að rökstyðja af hverju þessi leið var ekki valin. Hvað kostar 6,8 km erfiður og dýr vegur á móti 1,5 km jarðgöngum.



Pingeyri 10. febrúar 2020.

Vegagerðin

Hönnunardeild

Helga Aðalgeirsdóttir

Borgartúni 5-7

105 Reykjavík.

VEGAGERÐIN	
Miðstöð	
Mótt.	13. FEB. 2020
Skjalalykill	111130131
Málsnr.	R191151015190115


Efni: Nýr vegur yfir Dynjandisheiði.

Undirritaður vill hér með leyfa sér að benda á eftirfarandi viðvirkjandi fyrirhuguðum nýjum vegi yfir Dynjandisheiði, með tilvísun til kynningarfundar á Ísafirði um daginn.

Ný veglína úr Búðavík yfir Álftahjalla áleiðis fram Svínadalinn tel ég að ætti að vera úr Búðavík eftir gamla veginum þar sem Álftahjallinn endar og ætti að mínum dómi að beygja út til hægri yfir eyrarnar og yfir Svínadalsána og þar áfram sem gamli vegurinn er. Það ættu að vera mikið minni umhverfisáhrif heldur en fara upp gamla veginn og upp fyrir, vinstra megin við Afréttingsvatnið (Svínadalsvatn).

Með þessu móti munu menn losna að mestu við alla snjóflóðahættu á þessu umrædda svæði, enda er þetta svæði miklu snjóléttara en núverandi vegur liggur þar sem fyrirhugað er að nýi vegurinn liggi. Ætti það að vera mikið keppikefli.

Með bestu kveðjum



Þorbjörn Pétursson

Ósi í Mosdal

Skipulagsstofnun

Netfang: skipulag@skipulag.is

Seltjarnarnesi, 17. febrúar 2020.

Efni: Frummatsskýrsla Vegagerðarinnar vegna Vestfjarðavegar (60) og Bíldudalsvegar (63) frá því í nóvember 2019

Ég gæti hagsmuna Þórarins Kristjáns Ólafssonar kt. 021250-2529 og Arnhildar Ásdísar Kolbeins, kt. 010262-2839, eigenda Dufansdals-Efri í Vesturbyggð. Fyrir liggur frummatsskýrsla vegna Vestfjarðavegar (60) og Bíldudalsvegar (63) frá því í nóvember 2019. Almennungi er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við frummatsskýrsluna. Umbjóðendur mínir eiga land sem fyrirhugað er að Bíldudalsvegur liggja um skv. frummatsskýrslunni. Fyrir hönd þeirra skila ég hér með athugasemdum vegna þess hluta frummatsskýrslunnar sem lýtur að þessum veghluta (veglínu X skv. skýrslunni).

Málið snýst um færslu Bíldudalsvegar þannig að hann liggja um þann hluta jarðar umbjóðanda minna sem þau hafa fyrirhugað að nýta. Ítrekaðar eru athugasemdir sem komu fram í bréfi mínu dags. 14. júní 2018. Ljóst er að Vegagerðin hefur ekki tekið tillit til þeirra að neinu leyti. Líta umbjóðendur mínir svo á að með færslu vegarins, sé freklega gengið gegn eignarréttindum umbjóðenda minna. Sérstaklega verður að líta til þess að færsla vegarins er tilefnislaus og engin sannfærandi rök hafa verið færð fyrir því að honum sé betur komið fyrir þar sem hann er skv. tillögunni.

Í frummatsskýrslunni (bls. IV) er komist að þeirri niðurstöðu að heildarábati af færslu vegarins sé jákvæður, þar sem hann muni bæta aðgengi að frístundahúsum á svæðinu. Líttill hluti jarðarinnar var tekinn undir frístundabyggð árið 2007 og stofnuð sérstök landsnúmer fyrir þann hluta. Þessar frístundalóðir eru umbjóðendum mínum algerlega óviðkomandi. Ekki verður séð hvernig færsla vegarins um nokkra metra muni á nokkurn hátt bæta aðgengi að húsunum auk þess sem málið snýst ekkert um aðgengi að frístundahúsum. Eftir stendur því að eignarréttindi umbjóðenda minna eru verulega skert og þau afnot sem þau höfðu fyrirhugað af þessum landskika sem verður undir veginum, verða að engu höfð.

Þá virðist vera gengið út frá því að jörðin Dufansdalur-Efri sé bara frístundajörð, sem er ekki rétt. Jörðin er lögbýli og skilgreind sem landbúnaðarsvæði, enda eru umbjóðendur mínir komnir með samþykki frá Skógræktinni um nokkuð umfangsmikla skógrækt á jörðinni og

skógrækt er vissulega landbúnaður en ekki frístundaiðnaður. Beðið er eftir formlegu framkvæmdaleyfi fyrir skógræktinni frá sveitarfélaginu. Þó hefur verið bókað í fundagerð að sveitarfélagið sé samþykkt skógræktinni, en beðið er leyfis Minjastofnunar sem vill að fram fari fornminjaskráning á jörðinni.

Í frummatsskýrslunni heldur Vegagerðin því fram að vegurinn sé krappur í hæð og plani og þess vegna sé sú lega sem þeir leggja til nauðsynleg. Umbjóðendur mínir eru ósammála þeirri fullyrðingu en verði vegurinn lagður í þeirri línu sem þeir leggja til og fylgdi á mynd með bréfi mínu dags. 14. júní 2018 er ljóst að þessar röksemdir Vegagerðarinnar standast ekki. Auk þess myndi sú lega vegarins sem umbjóðendur mínir leggja til einnig hlífa þeim fornminjum sem tillaga Vegagerðarinnar leggur í hættu. Veghönnunarlega séð má ætla að það sé líka kostur að hafa veginn sem beinastan og ekki sveigja hann að framangreindum fornminjum eins og gert er með því að færa eldri veglínu.

Í frummatsskýrslunni kemur fram að þrjár vegtengingar eru norðan við Dufansdalsá, tenging að bænum við Dufansdal-Neðri og að sjónum fyrir laxeldi ásamt tengingu upp með ánni að norðanverðu að skipulagðri frístundabyggð í Dufansdal. Umbjóðendur mínir vilja benda á að í frummatsskýrsluna vantar nýja vegtengingu við Bíldudalsveg sunnan við Dufansdalsá við nýja heimreið lögbýlisins Dufansdals-Efri sem Vegagerðin veitti leyfi fyrir s.l. sumar, auk tengingar að sjónum niður að umræddu athafnasvæði við strandlengjuna sunnan við árósin. Sjá mynd.



Mynd: Vegtengingar sunnan Dufansdalsár, ný heimreið að Dufansdal-Efri og tenging að sjó.

Þá má nefna að aðilar hafa leitað til umbjóðenda okkar og lýst yfir áhuga á að fá afnot af strandlengjunni að hluta til, til að koma upp bryggjuaðstöðu og/eða annarri aðstöðu. Þessir aðilar eru Matvælastofnun og Arnarlax. Myndu slík afnot byggja á þeirri forsendu að

vegarstæðið verði óbreytt. Ljóst er að þau plön og þeir tekjumöguleikar umbjóðenda minna sem af þeim leiddi yrðu að engu ef vegurinn yrði færður þangað sem lagt er til. Sama máli gegnir um önnur fyrirhuguð afnot umbjóðenda minna af strandlengjunni.

Að lokum vilja umbjóðendur mínir benda á líklegt er að áætluð lega Vegagerðarinnar yfir ósa Dufansdalsár muni hafa neikvæð áhrif á veiði í ánni, með því að brúa yfir ána þar sem sjávarfalla gætir við ósinn.

Standa því öll rök til þess að hætt verði við færslu vegarins eins og lagt er til, enda er hún með öllu tilgangslaus og felur þar af leiðandi í sér ótilhlýðilega skerðingu á eignarréttindum umbjóðenda minna.

Virðingarfyllst,

f.h. Arnhildar Ásdísar Kolbeins og Þórarins Kristjáns Ólafssonar,

Konráð Jónsson lögmaður

JSG lögmönnum

konrad@jsg.is

From: Sigmundur Fríðar <sigmfth@simnet.is>
Sent: 17.02.2020 19:09:30
To: Skipulagsstofnun
Subject: Sigmundur F. Þórðarson, Gunnar G. Sigurðsson ofl. Vegagerðin - athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Dynjandisheiði.

From: Agnes Arnardóttir [<mailto:agnes@vestfiridir.is>]
Sent: 17. febrúar 2020 18:47
To: Sigmundur Fríðar
Subject:

Vegagerðin - athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Dynjandisheiði

Frá Mjólkárverkjun að Hörgsnesi 41 km.

Undirrituð voru á kynningarfundum á Ísafíði þar sem Sóley Jónasdóttir, Helga Aðalgerisdóttir og Guðmundur Valur Guðmundsson kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir á Dynjandisheiði. Undirrituð gera eftirfarandi athugasemdir um fyrirhuguð vegstæði frá Mjólkárverkjun að Hörgsnesi og vilja einnig benda á atriði til að auðvelda mokstur og vetrarviðhald vegarins þ.e. þá staði á veglínuni sem æskilegast væri að hefja framkvæmdir á.

1. F-leiðin sem Vegagerðin mælir með er ekki æskileg við Dynjandisvogin veglína 503F (sjá bls 30) - meiri landspjöll, mikið rask með mikið hrun og snjóflóðahættu - frekar væri æskilegt að Veglínu D 621 (sjá bls 30) að Dynjanda og taka hana í einum mjúkum boga inn á vestfjarðarveg 60. Ekki fara innfyrr vatn.
2. Æskilegt væri að byrja á framkvæmdir á veg línunni F frá 22000 til 19000 sem er erfiðastur í dag í snjómokstri en að hefja framkvæmdir þarna gæti gert það að verkum að léttara væri að halda honum opnum yfir vetrartímann og yrði það einnig til þess að auðveldara væri að halda áfram með framkvæmdir.
3. Æskilegt væri að byggja upp vegkafla frá stöð 15000 til 9500, brjóta niður brúnna og leggja ræsi, þetta eru atriði sem gera mætti strax en auðveldar til mikilla muna að halda veginum opnum allt árið.
4. Einnig er mælt með að farið verði yfir Vatnsfjörð veglína F.

Þessir tveir kaflar þ.e. lið 2. og 3. eru hæstu hlutarnir á heiðinni og erfiðastir í mokstri og vetrarviðhaldi.

Virðingarfyllt


Sigmundur Fríðar Þórðarson

Gunnar Gísli Sigurðsson

Agnes Arnardóttir

Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b 105 Reykjavík



Efni þessa bréfs: Umsögn Pennu ehf eigenda Hótel Flókalundar, á frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um Vestfjarðaveg frá nóvember 2019

Hlutafélagið Penna ehf eignaðist öll mannvirki Hótel Flókalundar árið 1999. Meðal eigna Pennu ehf eru auk hótelsins, tjaldstæðið á Kýrholti og Hellulaug. Landið er í eigu ríkisins og lóðarsamningur er í gildi milli Pennu ehf og ríkisins til ársins 2028.

Við gerum eftirfarandi athugasemdir:

Vatnsfjörður var friðaður með lögum no. 96/1975 og því er nauðsynlegt að vanda til verka þegar endurnýja skal veg. Skerða sem minnst af grónu svæði, vernda fjöruna og alls ekki þvera fjörðinn. Hellulaug er mjög fjölsóttur ferðamannastaður, með þverun mun útsýni úr Hellulaug aðeins verða vegur.

Í greiningu vegagerðarinnar er núll kostur, teikning A1, ekki sagður vænlegur vegna 700 metra langar vegar sem þarf að leggja að tjaldstæði. Við teljum að mjög auðvelt væri að leggja veg frá bílastæði við hótelið og að tjaldsvæðinu, það eru aðeins um 50 til 100 metrar. Þá verður enginn sér útaf akstur frá þjóðvegi að tjaldsvæði.

Í tillögu A2 eru gatnamót úti í sjó, ef vegurinn verður áfram í núverandi vegstæði er einnig mögulegt að hafa gatnamót úti í sjó austan við Pennu. Þegar vegurinn kæmi á móts við núverandi brú á Pennu myndi hann fara meðfram ánni á svæði sem vegagerðin kallar "leiksvæði" engin leiktæki eru þar aðeins eitt lítið fótoltamark sem verður fjarlæggt. Í sömu stefnu á korti vegagerðarinnar er merkt laug, við erum búin að eiga og reka Hótel Flókalund í 21 ár og þekkjum svæðið við vitum ekki til þessa að þarna sé laug og teljum að þarna sé um misskilning að ræða.

Í skýrsum vegagerðarinnar er þess getið að Flókalundur verði samgöngumiðstöð á þessari leið, við eigendur hótelsins fögnum þeim áhuga vegagerðarinnar. Einnig höfum við ítrekað óskað eftir samvinnu /samráði við vegagerðina um hvernig aðkomu að hótelin verði háttáð en Vegagerðin hefur ekki sinnt þeirri ósk. Við teljum að með samvinnu megi finna góða lausn sem uppfylli allar kröfur um vegtæknilega hönnun, öryggi og góða aðkomu að samgöngumiðstöð við Flókalund eins og segir í skýrslu vegagerðarinnar og skerða sem allra minnst af náttúru Vatnsfjarðar.

Í skýrslu vegagerðarinnar er talað um gámasvæði á vegum sveitarfélagsins. Þarna er um misskilning að ræða, á umræddu svæði er yfir sumartíman einn gámur fyrir óflokkað sorp. Gámurinn er á ábyrgð

Fylgiskjal 36

Hótels Flókalundar og mjög auðvelt að finna gámnum annan stað. Þannig mætti minnka skerðingu á fjöru ef komið er í land á nesinu þar sem þessi gámur var.

Ef samráð hefði verið við okkur hefði verið auðvelt að leiðrétta misskilnig sem lesa má í skýrslum um aðstæður við Hótel Flókalund.

Við óskum eftir samvinnu við alla þá sem koma að þessu máli verkefninu öllu til heilla.

Virðinarfyllst

Flókalundi 16 febrúar 2020

F.h. Pennu ehf

Soffia Haraldsdóttir Steinunn Hjartardóttir

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7 b

105 Reykjavík

Efni: Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla í kynningu. Vestfjarðavegur 60 og Bíldudalsvegur 63 Dynjandisheiði.

Eftirfarandi athugasemdom vil ég koma á framfæri varðandi leiðaval á nokkrum stöðum á ofantöldum vegarköflum.

Í og við Vatnsfjörð sem er friðland ber að fara fram með ýrtruðu varúð við vegarlagningu og þær leiðir sem lagt er til að farnar verði um friðlandið fylgi að fremsta megni þeim vegi sem fyrir er, veldur það minnstu raski á friðlandinu, gamli vegurinn raskar landi þegar en fegurðin að aka fyrir fjörð bætir upplifunina. Tillaga um þverun Vatnsfjarðar er ekki ásættanleg með tilliti til umhverfissjónarmiða, sjónrænna áhrifa og verndargildis Vatnsfjarðar sem heildar, né heldur er sú litla stytting sem af hlytist réttlætanleg í tilliti til ferðatíma og kostnaðar.

Við Flókalund eru mestu vandræðin með veglínurnar, sjónlengdir og öryggi vegfarenda, sem og gesta við Flókalund, tillit til þessa þarf að vera aðaláherslan um leiðarval við Flókalund. Veglína A 1 veldur minnstri breytingu, en mun vart tryggja kyrrð og öryggi við Flókalund, sem og vegur að tjaldsvæði myndi valda allnokkru ljótu raski. Veglínur A 2 og A 3 uppfylla þó betur kröfu um öryggi við Flókalund, en báðar hafa þær í för með sér flutning vegar vestur fyrir Pennu, en benda má á að auðvelt er að bæta skaðann af því með góðum frágangi og plöntun birkis í staðinn í gamla vegstæðið ofan við tjaldsvæðið, trjágróður / birki aðallega, er mun rýrara vestan Pennu en í nágrenni núverandi vegar. Bestur friður og hljóðvist sem öryggi yrði því af leið A 2, því áhrifin á nær umhverfi Flókalundar verða með minnsta móti, yrði þar sem vistgata með litlum hámarkshraða.

Í Trostansfirði á 63 er æskilegasta leiðarvalið veglína Z, sú lína hefur ekki áhrif á ósasvæði Sunndalsár með beinum hætti, þó er ljóst að víðari bogi þeirrar veglínu hefur áhrif á birkikjarr í brekkunni á að sama skapi að vera auðvelt að bæta fyrir með frágangi og plöntun birkis í gamla vegstæðið á því svæði.

Í Vatnahvilt eru lagðir fram tveir kostir, báðir gera ráð fyrir miklum skeringum á svæði sem er mjög snjópungt þegar sunnan og suðvestan áttir eru ríkjandi og báðar leiðir eru um „Kolla“ og er af þeim sökum vegurinn á því svæði um all langa leið í og við 500 metra hæð, um Kolla og svæðið þar áfram vestur fyrir Norðdalsá sem er vel þekkt af því að vera mjög veðrasamt í norðan og norð austan áttum. Umhugsunarefni um jarðgangaleið, sem þó er dýr lausn. Skoða hefði mátt veglínu milli línu X á 63 Bíldudalsvegi í stöð ca. 34.000 til stöðvar ca. 12.000 á veglínu B í Vatnahvilt, leið sem færi um Djúpavatn á svipuðu vegstæði og nú er, síðan um drög Seljahvilftar, nærri þar sem Tálknafjarðarlína liggur í dag, fyrir hjalla þar og svo með stefnu í boga að Bíldudalsvegi 63. Þetta hefur ekki verið skoðað varðandi hæðarlegu/langhalla í drögum Norðdals, en ef svona lína væri möguleg væri vegurinn í minni hæð og fjær veðrasömu svæði norðar, fjær veðraskarðinu milli Lómfells og Botnshests. Með því má losna undan miklum skeringum upp úr Vatnahvilt, snjópungum.

Dynjandisvogur, friðlýst náttúruvætti. Þarna eru lagðar til tvær veglínur mjög ólíkar, veglína F sem hefði í för með sér mikla röskun á ásýnd Dynjandisdals, svo ekki sé minnst á þá skeringu sem lögð er

Fylgiskjal 37

til um Álfthajalla út í Meðalnesfjallið ofan Búðavíkur, skeringu sem sker í gegn um snjóflóða svæði að auki, þessi skering hefði í för með sér mikil lýti á Dynjandisvogi og öllu umhverfi Dynjanda í heild.

Miklu farsælla er að veglína D yrði fyrir valinu og núverandi vegi fylgt, þó það kalli á lægri hönnunar hraða um beyjur, því meiri og sterkari upplífun af náttúrufegurðinni. Skering í Búðavík er mun minna áberandi, og fornleifar þar er auðvelt að verja og ganga frá sómasamlega, með aðkomu landslags hönnuða og hleðslumanna, það þarf að ganga á allan hátt sómasamlega frá vegsvæðum við Dynjandisvog, vegna verndargildis svæðisins sem heildar myndar. Öll sjónræn áhrif af leið D eru í lágmarki, ekki er hægt að leggja nokkurn veg án rasks, en hafi einhverntíma verið ástæða til er það um Dynjandisdal, Dynjanda og umhverfið allt við Dynjandisvoginn. Vil í því sambandi nefna nýlega vegarlagningu á Þingvöllum, vegarlagningu sem tók fullt tillit til viðkvæms umhverfis, vegarlagningu sem sátt ríkir um. Dynjandi og Dynjandisvogur allur er „þjóðgarður“ Vestfirðinga rétt eins og Vatnsfjörður er einnig „þjóðgarður“ Vestfirðinga, sem Vestfirðingar vilja sýna öðrum með stolti.

Með kveðju að vestan.

Flateyri 12. Febrúar 2020.

Guðmundur R Björgvinsson

Brimnesvegi 24 425 Flateyri

Kynningar á frummatsskýrslu fyrir Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63)

Fundur með bæjarstjórn Ísafjarðar í Stjórnsýsluhúsinu, þriðjudaginn 4. febrúar 2020 kl. 14:00 2018 kl.

Fulltrúar sveitarfélagsins voru Axel R Överby sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, Daníel Jakobsson bæjarfulltrúi og nefndarmaður í skipulags- og mannvirkjanefnd og Þóra Mary Arnórsdóttir formaður skipulags- og mannvirkjanefndar.

Fulltrúar Vegagerðarinnar voru G. Pétur Mattíasson, Guðmundur Valur Guðmundsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Pálmi Þór Sævarsson, Sigurbór Guðmundsson og Sóley Jónasdóttir.

- Heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2020-2032 er nú í vinnslu hjá Arkitektastofunni Arkís. Á þeirri vinnu að vera lokið innan 2ja ára.
- Spurt var út í Vatnsfjörðinn og hvort fyrirhuguð þverun hans gæti tafið framkvæmdina. Rætt að Ísafjarðarbær getur gefið út framkvæmdaleyfi fyrir sinn hluta.
- Dynjandisvogur var ræddur. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar finnst öryggissjónarmið á því svæði ættu að veða þyngra en landslagsáhrif. Þeim hugnast ekki þungaflutningar um veglínu D.
- Jarðgangaleið var rædd.
- Spurt var um framkvæmdatíma og hvar væri hægt að byrja. Svo lengi sem leyfismál og skipulag liggur fyrir er hægt að hefjast handa í raun hvar sem er. Kom fram að taka þyrfti tillit til árstíma yfir háheiðina og vinna frekar á láglandi yfir vetrarmánuðina. T.d. í Borgarfirði og Dynjandisvogi.
- Rætt var um að gera breytingu á núverandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem fyrst og hafa alla valkosti með.
- Næstu skref eru að Vegagerðin sendir erindi inn til Ísafjarðarbæjar um breytingu á aðalskipulagi og þá getur sveitarfélagið hafist handa.

Kynningarfundur fyrir almenning í Edinborgarhúsin á Ísafirði, þriðjudaginn 4. febrúar kl. 17:00.

Á fundinn mættu um 45 gestir auk þeirra sem héldu kynninguna. GPM bauð fólk velkomið og stýrði umræðum og fyrirspurnum að kynningu lokinni. GVG sagði frá undirbúningi framkvæmdar, hönnun, áfangaskiptingu, framkvæmdatíma, fjárveitingum o. fl. HA og SJ kynntu veglínur og niðurstöður umhverfismats.

- Kynningin tók um 1 klst og voru fáar spurningar frá gestum að þeim loknum. Fyrirspurnir snérist að mestu um 12 km langan jarðgangavalkost milli Borgarfjarðar og Vatnsfjarðar (Hornskarðslausnin). Þá var spurt því veglínan væri færð niður í sjó við Meðalnesið og Meðalnesið þar með skemmt?
- Að fundi og umræðum loknum stöldruðu gestir við og skoðuðu yfirlitsteikningar af framkvæmdasvæðinu og ræddu málin við fulltrúa Vegagerðarinnar.

Kynningarfundur fyrir almenning í Félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal, miðvikudaginn 5. febrúar 2020 17:00.

Á fundinn mættu um 34 gestir auk þeirra sem héldu kynninguna. GPM bauð fólk velkomið og stýrði umræðum og fyrirspurnum að kynningu lokinni. GVG sagði frá undirbúningi framkvæmdar, hönnun, áfangaskiptingu, framkvæmdatíma, fjárveitingum o. fl. HA og SJ kynntu veglínur og niðurstöður umhverfismats.

- Eigandi Hótel Flókalundar stóð upp á sagði að það væri eins og önnur regla gilti fyrir vegamót F2 og F1. Rætt var um *forskotin vegamót* en þau eru leyfð í aðstæðum sem þessum, skv. veghönnunarreglum.
- Rætt var um jarðgöng frá Mjólka en bratti ganganna yrði það mikill að sá valkostur var útilokaður.
- Í Dynjandisdal óttast menn snjósöfnun og ófærð. Gert er ráð fyrir breiðri vegrás á því svæði en ekki hafa stálþil verið skoðuð enn sem komið er. Vegskálar eru ekki valkostur.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur óskað eftir því að fjárveitingum til verkefnisins verði skipt jafnt milli veganna svo hægt væri að hefja framkvæmdir við Bíldudalsveg á sama tíma og Vestfjarðaveg. Þá kom fram að vegurinn um Hálfán og Mikladal eru orðnir verulega lélegir sem ætti að þrýsta á framkvæmdir við endurbyggingu Bíldudalsvegar. Rætt um árstíðaskiptingu framkvæmdanna, þ.e. framkvæmdir á láglendi yfir vetrarmánuðina og á háheiðinni yfir sumartímann.
- Spurt var um hvort framkvæmdatími tæki tillit til æðarvarps? Hægt er að setja það sem skilyrði í framkvæmdaleyfisumsókn.
- Þá var rætt um þverun Vatnsfjarðar og kom fram að 2 aðrar þveranir hefðu tekist vel, hvort það væru ekki rök með þverun fjarðarins.
- Þá var spurt um hvað rekstur á Dynjandisheiði myndi kosta.
- Eftir fundinn spurði eigandi Flókalundar hvort ekki væri hægt að gera tengingu að tjaldstæðinu frá plani Flókalundar og sleppa þannig einni tengingu frá nýjum vegi.
- Þá kom fram að framkvæmdin héti röngu nafni þar sem hún hefði ekkert með Hörgsnes að gera þar sem væri búið að leggja nýjan veg að Þingmannaá og engin ástæða til að kasta þeim vegi.

Fundur með bæjarstjórn Vesturbyggðar að kynningarfundum í Baldurshaga á Bíldudal, þriðjudaginn 12. júní 2018 kl. 19:00.

Fulltrúar Vesturbyggðar voru: Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir formaður bæjarráðs, Magnús Jónsson bæjarfulltrúi, Friðbjörg Matthíasdóttir bæjarfulltrúi og formaður skipulags – og umhverfisráðs, Jörundur Garðarson bæjarfulltrúi, Elfar Steinn Karlsson byggingafulltrúi, Jóhann Pétur Ágústsson nefndarmaður í skipulags- og umhverfisráði og Jóhanna Gísladóttir nefndarmaður í skipulags- og umhverfisráði.

Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps; Guðni Ólafsson sat kynningarfundinn en var ekki á fundinum með Vesturbyggð og fulltrúum Vegagerðarinnar.

Fulltrúar Vegagerðarinnar voru G. Pétur Mattíasson, Guðmundur Valur Guðmundsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Sigurþór Guðmundsson og Sóley Jónasdóttir.

- Farið var yfir skipulagsmál og framkvæmdaáætlun. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 er nú í enduskoðun hjá Landmótun. Vegagerðin mun senda sveitarfélaginu ósk um breytingu á aðalskipulaginu.

Fylgiskjal 38

- Fram kom óánægja með að vegur frá Bíldudalsflugvelli að hafnarsvæði á Bíldudal skyldi ekki hafa verið tekin með í umhverfismatinu.
- Einnig kom fram óánægja með að útboð framkvæmda við Dýrafjarðargöng skyldi takmarkast við göngin í stað þess að ná að Dynjanda.